

# **Bjarnar saga hítðælakappa**

# Bjarnar saga hítðælakappa

## 1. kafli

Nú skal segja nokkuð af þeim íslensku mönnum sem uppi voru um daga Ólaf konungs Haraldssonar og hans urðu heimulegir vinir. Nefnir þar til fyrstan ágætan mann, Þorkel Eyjólfsson er átti Guðrúnu Ósvífursdóttur, því að í þenna tíma var Þorkell í förum og var jafnan með Ólafi konungi vel virður þá er hann var utanlands.

Í þenna tíma bjó Þórður Kolbeinsson á Hítarnesi á Íslandi. Hann var skáld mikið og hélt sér mjög fram til virðingar. Var hann jafnan utanlands vel virður af meira háttar mönnum sakir menntanar sinnar. Þórður var hirðmaður Eiríks jarls Hákonarsonar og af honum vel metinn. Ekki var Þórður mjög vinsæll af alþýðu því að hann þótti vera spottsamur og grár við alla þá er honum þótti dælt við.

Sá maður óx upp með Skúla Þorsteinssyni að Borg er Björn hét og var Arngeirsson og Þórdísar, dóttur Þorfinns stranga og Sæunnar, dóttur Skalla-Gríms. Björn var snemma mikill vexti og rammur að afli, karlmannlegur og sæmilegur að sjá. Björn hafði enn sem margir aðrir orðið fyrir spotti Þórðar og áleitni. Var hann því með Skúla frænda sínum meðan hann var ungur að hann þóttist þar betur kominn sakir áleitni Þórðar Kolbeinssonar en hjá föður sínum. En því get eg eigi þeirra smágreina sem milli fóru þeirra Bjarnar og Þórðar áður Björn kom til Skúla að þær heyra ekki til þessi sögu. Skúli var vel til Bjarnar og virti hann mikils því að hann sá með sinni visku hver sæmdarmaður hann mundi verða í þeirra ætt. Undi Björn allvel sínu ráði meðan hann var með Skúla.

Þá bjó í Hjörsey fyrir Mýrum Þorkell, son Dufgusar hins auðga úr Dufgusdal. Þorkell var auðigur maður að fé og góður bóndi. Hann átti dóttur er Oddný hét, kvenna vænst og skörungur mikill. Hún var kölluð Oddný eykyndill. Björn vandi þangað komur sínar og sat jafnan að tali við Oddnýju Þorkelsdóttur og féllst hvort þeirra öðru vel í skap. Það var talað af mörgum mönnum að það væri jafnræði þó að Björn fengi hennar sér til eiginkonu því að hann var hinn skörulegasti maður og vel menntur.

## 2. kafli

Þá er Björn hafði verið fimm vetur með Skúla frænda sínum bar það til tíðinda að skip kom í Gufarós. Það skip áttu norrænir menn. Skúli bóndi reið til skips og bauð þegar kaupmönnum til sín því að hann hafði vana til þess að taka við kaupmönnum og eiga gott vinfengi við þá. Fóru þá enn þrír til vistar með honum þegar þeir höfðu upp sett skip sitt. Björn var viðfeldinn við kaupmenn bæði í fylgd og þjónustu og líkaði þeim til hans vel.

Björn kom að máli við Skúla frænda sinn og beiddi að hann mundi koma honum utan með kaupmönnum þessum. Skúli tók því vel, sagði sem satt var að þeir menn fengu margir framkvæmd að miklu voru síður á legg komnir en hann, segist og til skulu leggja með honum slíkt er hann þykist þurfa. Björn þakkaði honum gott tillag við sig bæði þá og fyrr.

Réðst Björn þá í skip með kaupmönnum þessum. Fékk Skúli frændi hans og faðir hans honum góðan farareyri svo að hann var vel sæmdur af að fara með góðum mönnum. Ekki varð sögulegt um þarvist kaupmanna. Fóru þeir nú til skips er voraði og bjuggu og lágu svo til hafs.

Björn reið nú til Borgar að finna Skúla frænda sinn. Og er þeir finnast segir Björn honum að hann vill eigi annað en fá Oddnýjar Þorkelsdóttur áður hann fór brott. Skúli frétti hvort hann hefði nokkuð þetta við hana talað. Hann sagði það víst.

"Þá skulum við fara," segir Skúli og svo gera þeir, koma í Hjörsey og finna Þorkel og dóttur hans Oddnýju.

Hefir Björn þá uppi orð sín og biður Oddnýjar. Þorkell tók þessu vel og skaut mjög til ráða dóttur sinnar. En sakir þess að henni var Björn kunnigur áður og þau höfðu elskast sín á millum mjög kærlega þá játaði hún. Fóru þá þegar festar fram og skyldi hún sitja í festum þrjá vetur og þó að Björn sé samlendur fjórða veturinn og megi eigi til komast að vitja þessa ráðs þá skal hún þó hans bíða. En ef hann kemur eigi til á þriggja vetra fresti af Noregi þá skyldi Þorkell gifta hana ef hann vildi. Björn skyldi og senda menn út að vitja þessa ráðs ef hann mætti eigi sjálfur til koma. Lagði Skúli fram með Birni svo mikið fé að það var eigi minna góss en allt það er Þorkell átti og mundur Oddnýjar dóttur hans.

Skildu þau að þessu og fylgdi Skúli Birni til skips og þá mælti Skúli: "Þá er þú kemur til Noregs Björn og finnur Eirík jarl vin minn, þá ber honum kveðju mína og orðsending til að hann taki við þér og vil eg ætla að hann geri þetta og fær honum gull þetta til jartegna því að þá má hann eigi við dyljast að mér þykir betur."

Björn þakkar Skúla allan þann góðvilja sem hann hafði honum téð síðan hann kom til hans og skildust síðan. Þetta var ofarlega á dögum Eiríks jarls.

Þeir sigldu snemma sumars. Tókst þeim ferð sín greiðlega og komu við Noreg. Fann Björn brátt Eirík jarl og bar honum kveðjur Skúla og jartegnir.

Jarl tók því vel og kveðst gjarna skyldu gera hans erindi "og skaltu, Björn, vera velkominn."

Björn kveðst það gjarnan vilja. Fór hann til hirðar jarls og var með honum í góðu haldi.

### 3. kafli

Það sama sumar kom skip af Noregi snemma sumars í Straumfjörð. Þórður Kolbeinsson reið til skips og var vís að kaupmenn ætluðu að fara tvívegis og því keypti hann part í skipi og lýsti yfir utanferð sinni.

Þórður átti frænda þann í Danmörk er Hrói hinn auðgi hét. Hann var í Hróiskeldu og átti þar garð. Átti Þórður að taka arf allan eftir hann. Býst hann nú til utanferðar og urðu síðbúnir. Spurðist það til hirðar jarls að Þórður var kominn til Noregs af Íslandi á því skipi sem tvívegis hafði farið um sumarið og það með að hann var stýrimaður og ætlaði að færa jarli kvæði.

Jarl spurði Björn ef honum væri kunnleiki á Þórði.

Björn kveðst gjörlla kenna Þórð og kvað hann vera skáld gott "og mun það kvæði rausnarsamlegt er hann flytur."

Jarl mælti: "Þykir þér það ráð Björn að eg hlýði kvæðinu?"

"Það þykir mér víst," segir Björn, "því það mun báðum ykkur til sæmdar."

Og litlu síðar kom Þórður á fund jarls og kvaddi hann sæmilega. Jarl tók því vel og spurði hver hann væri.

Hann kveðst Þórður heita og vera maður íslenskur "og vildi eg að þér hlýdduð kvæði því er eg hefi ort um yður."

Jarl kvað það vel mega. Þórður flutti kvæðið og var það drápa og gott kvæði. Jarl lét vel yfir og bauð honum með sér að vera um veturinn og það þekktist Þórður og var honum vel veitt. Voru þeir Björn báðir með jarli þann vetur.

Þeir menn voru innan hirðar er það fluttu fyrir jarl að þeir mundu engir vinir vera, Björn og Þórður.

Og einn tíma er það sagt að Eiríkur jarl kallaði Þórð fyrir sig og spurði eftir ef Björn væri kunnigur honum eða hví Skúli mundi hafa sent honum þenna mann.

En Þórður segir að Björn væri hinn röskvasti maður "og mér að góðu kunnur og því sendi Skúli yður þenna mann að hann átti eigi annan frænda sæmilegra til."

"Það mun satt vera," segir jarl.

Þórður mælti: "Hafið þér nokkuð spurt eftir hversu gamall maður Björn er?"

"Ekki," segir jarl.

Þórður mælti: "Hann er nú átján vetra og margir röskvir drengir eru hér með yður og mun Björn þeim að fylgja sem fræknastir eru."

Jarli féll það vel í eyru. Ekki lét Þórður það á finna að eigi hefði alla tíma vel verið með þeim Birni.

Og einn dag um veturinn gekk Þórður að Birni og bað hann drekka með sér "erum við nú þar komnir að vist að okkur samir eigi annað en vel sé með okkur og það eitt missætti hafir hér í millum verið að lítils er virðanda og því látum nú vel vera héðan af."

Björn tók því vel. Leið svo framan til jóla.

Og hinn átta dag jóla gaf Eiríkur jarl mála mönnum sínum sem siður er höfðingja til í öðrum löndum. Hann gaf Birni gullhring þann er stóð hálfra mörk og naut hann að því vaskleika síns og Skúla frænda síns. Þórði gaf hann sverð, góðan grip, að kvæðislaunum.

Það var enn eitt kveld um veturinn að Þórður talaði til Bjarnar og voru þeir þá drukknir báðir og þó Björn meir: "Hvað ætlar þú ráða þinna er vorar eða ætlar þú til Íslands?"

"Eigi mun eg í sumri út," segir Björn, "því að eg ætla að biðja orlofs Eirík jarl að hann lofi mér að fara í hernað og afla mér fjár og sæmdar ef svo vill verða."

Þórður svarar: "Það sýnist mér óráðlegt, fengið nú áður góða sæmd og virðing en hætta sér nú svo og far þú miklu heldur með mér í sumar út til Íslands til frænda þinna göfugra og vitja ráðahags þíns."

Björn svarar: "Eigi mun eg þetta sumar út."

Þórður mælti: "Óráðleg sýnist mér þín atferð að fara úr landi með fé mikið en vita eigi hvort þú kemur aftur eða eigi."

"Hefir sá er hættir," segir Björn, "og mun eg í hernað fara."

Þórður mælti: "Send þú þá Oddnýju festarkonu þinni hringinn jarlsnaut og fá mér í hönd því að þá veit hún enn gerr elsku þína og alvöru til sín ef þú sendir henni þvílíkan grip og mun henni þú þá enn hugkvæmri en áður og þér því síður afhuga verða. En ef þú kemur til Íslands út sem vér væntum þá tekur þú bæði hring og konu og allan fjárlut er þér var með henni heitið, og satt er það, " segir Þórður, "að slíkt kvonfang getur eigi á Íslandi sem Oddný er."

Björn mælti: "Satt segir þú það Þórður að Oddný er hin sæmilegasta kona og fullboðin mér í alla staði og hefðir þú jafnvel verið til mín þá er við vorum á Íslandi sem nú þá mundi eg þetta allt gera sem nú beiðir þú. En vant ætla eg að mér verði að trúa þér og það mun mælt að eg haldi laust jarlsgjöfinni ef eg læt hringinn koma þér í hendur."

Þórður bað hann vitja ráðsins.

Björn kveðst hafa setta menn til þess að gæta "og seg þú Þórður satt til um ferðir mínar er þú kemur út. En eg þykist enn of lítt reynt mig hafa í framgöngu og óvíða kannað hafa góðra manna siðu. En ef eg fer þegar til Íslands þá mun eg eigi nenna að fara svo skjótt frá ráðahag mínum."

Þórður hét því "en því beiddist eg gripa að sanna sögu mína og eigi þarftu Björn að gruna mig því eg skal þér trúværa."

"Til þess skal nú og hætta," segir Björn, "um sinn. En ef þú bregst mér þá trúi eg þér aldrei síðan á mína daga."

Fær nú Björn hringinn jarlsnaut í hendur Þórði og bað hann færa Oddnýju. Þórður hét því og talaði þá allfagurt við Björn og hét allgóðu um að vera honum trúværa og reka vel hans erindi. Skildu þeir Björn talið að sinni. Og þá er Björn var ódrukkinn þóttist hann nógu mart fyrir Þórði talað hafa og honum of vel trúað hafa.

Líður nú af veturinn og býr Þórður skip sitt. Finnast þeir Björn og talast enn við. "Mun Þórður," segir Björn "hvað við höfum talað og far nú vel með mínum erindum."

Þórður hét góðu um það og skildust álitlega. Ekki vissu menn gjörta tal þeirra Þórðar og Bjarnar.

Það segja menn að Þórður væri fimmtán vetrum eldri en Björn. Drápa sú er hann orti um Eirík jarl heitir Belgskakadrápa.

Þórður lét í haf snemma sumars og kom út um alþingi í Gufárós. Hann reið þegar til þings og varð mönnum dátt um það því að hann kundi vel að segja frá tíðindum. Og vel fór hann með erindum Bjarnar það sinni og sagði hann koma mundu að vitja ráðahags við Oddnýju og fékk henni hringinn en kvað Björn hafa gefið sér ráðahaginn ef hann andaðist eða kæmi eigi til Íslands.

## 4. kafli

Sumar það hið sama sem Þórður fór til Íslands gekk Björn þá fyrir jarl og bað orlofs að fara í Austurveg. Jarl bað hann fara sem honum gegndi.

Fór þá Björn með kaupmönnum austur í Garðaríki á fund Valdimars konungs. Var hann þar um veturinn í góðu haldi með konunginum. Kom hann sér vel með tignum mönnum því að öllum féllu vel í skap hættir hans og skaplyndi.

Svo er sagt þá er Björn var í Garðaríki með Valdimar konungi bar það til að her óflýjandi kom í landið og réð fyrir kappi sá er Kaldimar hét, mikill og máttigur, náfrændi konungs, hermaður hinn mesti og vígfimur og mikill afreksmaður, og voru þeir kallaði jafnkomnir til ríkis Valdimar konungur og kappinn en kappinn hafði því eigi náð ríkinu að hann var yngri og því fór hann í hernað að leita sér frama. Var nú og engi hermaður slíkur, jafnfrægur sem hann, í þann tíma í Austurlöndum.

En er Valdimar konungur frétti þetta þá sendir hann menn með sættarboðum til frænda síns og bað hann fara með friði og eignast helming ríkis en kappinn kveðst skyldu hafa einn ríkið og ef konungur vill eigi það bauð hann honum hólmgöngu ella berðust þeir með öllu liði sínu. Valdimar konungi þótti hvorgi góður og vildi gjarnan eiga týna liði sínu en kveðst eigi vanist hafa hólmgöngum og spurði lið sitt hvað ráðs væri en menn réðu honum að safna liði og berjast.

Og á litlum tíma kom þar saman múgur og margmenni og hélt Valdimar konungur til móts við kappann. Síðan bauð konungur að fá mann fyrir sig til einvígis og því játaði kappinn með þeim skildaga að hann skyldi eignast ríkið allt ef hann felldi þann mann en ef kappinn félli þá skyldi konungur eignast ríki sitt sem áður. Þá leitaði konungur eftir við menn sína ef þeir vildu ganga á hólm fyrir hann en menn voru ekki fúsir til þess því að hver þóttist til bana ráðinn er berjast skyldi við kappann. En konungurinn hét þeim sinni vináttu og öðrum sæmdum ef nokkur vill til ráðast en þó vildi engi til ráða.

Björn mælti: "Hér sé eg alla ódrengelegast við verða síns herra nauðsyn. En því fór eg af mínu landi að eg vildi leita mér frægðar. En tveir eru kostir fyrir höndum, annar að fá sigur með karlmennsku, þó að það sé ólíklegt með þann sem að berjast er, en hinn er annar að falla með drengskap og hugprýði og er það betra en að lifa með skömm og þora eigi að vinna konungi sínum sæmd og skal eg til ráða að berjast við Kalidmar."

Konungur þakkar Birni.

Eru þá sögð upp hólmgöngulög. Kappinn hafði sverð það er Mæringur hét og hinn besti gripur. Þeir berjast bæði hart og snart og lauk svo með þeim að kappinn féll fyrir Birni og fékk bana en Björn varð sár nær til ólífis. Fékk Björn af þessu stórlega frægð og sæmd af konungi. Var þar skotið tjaldi yfir Björn því að hann þótti eigi færandi í brott en konungur fór heim í ríki sitt.

Þeir Björn voru nú í tjaldinu og er gróa tóku sár hans þá kvað hann vísu:

Hér myndi nú handar,  
hæft skiljum brag, vilja  
líki fögr sem leika  
Lofn, Eykyndill, sofna  
ef hörskorða heyrði  
harðla nær að værum,  
gerðumk frægr, með fjórða  
fleina vald í tjaldi.

Síðan var Björn fluttur heim til konungs með mikilli virðingu. Konungur gaf honum allt herskrúð það er kappinn hafði átt og þar fylgdi sverðið Mæringur. Því var Björn síðan kappi kallaður og kenndur við hérað sitt. Björn lá í sárum um sumarið og um veturinn eftir var hann í Garðaríki og hafði hann þá utan verið þrjá vetur og eftir það fór hann til Noregs. Og er hann kom þar voru öll skip gengin til Íslands og var það síð sumars.

## 5. kafli

Á öðru sumri fyrr en nú var frá sagt spyr Þórður af kaupmönnum í Hvítá að Björn var sár orðinn og keypti að þeim að þeir segðu hann andaðan og svo gerðu þeir. Síðan sagði Þórður opinberlega andlát Bjarnar og kvað þá menn hafa sagt sér er hann höfðu moldu ausið. En engi kunni í móti að mæla og þótti Þórður ólíklegur til lygi.

Síðan kom Þórður í Hjörsey og bað Oddnýjar. Frændur hennar vildu eigi gifta honum hana fyrr en sú stund væri liðin er á kveðið var með þeim Birni en að sumri er skip kæmu og spyrðist þá eigi til Bjarnar þá sögðust þeir mega um ræða.

Nú komu skip út og vissu þeir eigi til Bjarnar að segja því að hann kom eigi fyrr til Noregs en þau voru út látinn. Nú heldur Þórður á málinu og verður Oddný honum gift.

En þá er þeir Björn voru búnir til hafs sigldi að þeim skip af hafi. Þeir Björn tóku bát og reru til skipsins og vildu vita tíðinda því þeir voru af Íslandi komnir. Þeir sögðu gjaforð Oddnýjar. Og er Björn vissi það vildi hann eigi til Íslands fara.

Þann vetur fór Björn til hirðar Eiríks jarls og var með honum. Og er þeir lágu við Hamarseyri orti Björn vísu:

Hristi handar fasta  
hefr drengr gamans fengið.  
Hrynja hart á dýnu  
hlöð Eykyndils vöðva  
meðan vel stinna vinnum,  
veldr nökkvað því, klökkva,  
skíð verð eg skriðar beiða  
skorðu, ár á borði.

Björn var enn með hina sömu virðing og fyrr með jarlinum.

Um sumarið eftir fór Björn vestur til Englands og fékk þar góða virðing og var þar tvo vetur með Knúti hinum ríka. Þar varð sá atburður er Björn fylgdi konungi og sigldi með liði sínu fyrir sunnan sjá að fló yfir lið konungs flugdreki og lagðist að þeim og vildi hremma mann einn en Björn var nær staddur og brá skildi yfir hann en hremmdi hann næsta í gegnum skjöldinn. Síðan grípur Björn í sporðinn drekans annarri hendi en annarri hjó hann fyrir aftan vængina og gekk þar í sundur og féll drekinn niður dauður. En konungur haf Birni mikið fé og langskip gott og því hélt hann til Danmerkur. Þá gerði hann félag við Auðunn bakskika, víkverskan mann en danskan að sumu kyni. Þá var Auðun áður útlægur ger af Noregi. Hann hafði tvö skip til félags við hann og lögðu síðan austur fyrir Svíþjóð í hernað og herjuðu um sumarið en voru um veturinn í Danmörk. Þetta var iðn þeirra í þrjá vetur.

## 6. kafli

Það er nú að segja að Þórður situr nú í búi sínu á Hítarnesi um hríð og halda menn að Oddný sé nú betur gift en fyrr hafði til verið ætlað bæði til fjár og burðar og annars sóma. En ástir þeirra voru að góðum sanni. Þau áttu átta börn, fimm sonu og þrjár dætur. Þórður hafði þá selt skip það kaupmönnum er hann hafði átt og haft í förum.

Björn var nú í víkingu að afla sér fjár og frægðar. Vinur var hann Eiríks jarls og eru með honum þeir menn sem fyrr var sagt. Lítt langar hann nú til Ísland er hann veit þaðan tíðindi og hversu það Þórður hafði við hann búið.

Og á því méli er Björn var úr landi varð höfðingjaskipti í Noregi. Tók við ríkinu eftir Eirík jarl Hákon jarl, son hans. Sveinn, bróðir Eiríks jarls, réð sínum hluta lands sem áður og stóð þann veg tvo vetur. Eftir það kom Ólafur hinn helgi í land og tók Hákon í Sauðungssundi og sór hann Ólafi konungi eiða og fór úr landi síðan en Ólafur barðist við Svein jarl fyrir Nesjum pálmunnudag og stökk Sveinn undan en Ólafur réð síðan öllu landinu og varð konungur yfir.

Nú fer sú frétt um önnur lönd að þeir Eiríkur jarl og Hákon jarl voru úr landi. Björn og hans menn spyrja þetta höfðingjaskipti og það að margar góðar sögur gengu frá konungi þeim sem vert var.

Og í þann tíma var í kaupferðum ágætur maður, Þorkell Eyjólfsson. Hann hafði mikla virðing af Ólafi konungi. Þorkell var og vinur Þórðar Kolbeinssonar.

## 7. kafli

Það er nú til tíðinda sagt að Þórður Kolbeinsson spyr þau tíðindi að Hrói hinn auðgi, móðurbróðir hans, var andaður. Þórður átti að taka arf eftir hann. Nú kaupir hann skip og ætlar að fara utan á vit fjárins.

Það er sagt frá ferð Þórðar að hann sækir fund Ólafs konungs. Honum var þar vel fagnað. Segir hann konungi vöxtu á um ferð sína. Þorkell var þá þar og túlkaði vel málið við konung að hann fengi fé sitt. Konungur lét gera honum bréf til vina sinna í Danmörk og setti fyrir sitt innsigli. Þá voru þeir með Þórði synir Eiðs, Þorvaldur og Þórður. Þar fór og Kálfur illviti.

Þórður orti drápu um Ólaf konung. Síðan fór hann og færði sjálfur og þá af konungi gullhring og pellskyrtil hlaðbúinn og sverð gott. Þórður spyr í hljóði ef menn yrðu nokkuð varir við Björn. Honum er sagt að hann sé í hernaði og fjölmennur.

Þórður hafði lítið skip. Nokkurir víkverskir menn voru á skipi með honum. Nær þrír tigur manna voru alls á skipinu. Hann kom það sumar til Danmerkur í Hróiskeldu og fékk mikið af fénu þó að miklir spænir væru af telgdir og fóru sunnan um sumarið er á leið en leið hans var um Brenneyjar. Það eru margar eyjar og voru þá lítt byggðar. Þar voru í launvogar og var þar jafnan herskátt af víkingum. Skógur var þar og nokkur í eyjunum.

Björn fór þá hafna á milli og voru síð dags þar er fram gengu eyrar tvær af Brenneyjum. Önnur heitir Þrælaeyr en önnur Oddaeyr. Þar lagði Björn skipum sínum.

Það sama kveld kom Þórður við eyna og lá þar skipi sínu um nóttina. Síðan koma menn tveir fram á eyna og spurðu hver skip ætti.

Einn skjótorður maður og heldur hvatvís segir að Þórður Kolbeinsson átti.

Þórður mælti: "Bráðorður maður ertu," segir hann, "og seg að Þórar víðförli eigi skipið," og svo gerir hann.

Eyjarmaðurinn mælti: "Gerið hvort sem þér viljið, ljúgið eða segið satt."

Þeir menn hurfu aftur en það voru reyndar menn Bjarnar. Lá hann þar öðrum megin við eyna með níu skip.

Þórður mælti er þeir voru í brott: "Þetta munu verið hafa njósarmenn nokkurra manna og mun eg ganga á eyna og vita ef eg verð nokkurs var."

Björn mælti til Auðunar þá er menn hans komu aftur og sögðu til Þórðar: "Kenna þykist eg að frásögn þeirra skipið að Þórður mun eiga og er maklegur fundur vor."

Þórður gengur nú upp og Kálfur illviti og nokkurir menn aðrir og er þeir voru skammt komnir upp á eyna mælti Þórður: "Nú skuluð þér aftur hverfa til skips. Og nú vil eg að þér segið að eg væri eftir í Danmörk og eg næði eigi ellegar fénu ef svo ber til sem eg ætla að Björn muni eigi fjarri vera og komi hér. En eg mun forða mér."

Kálfur illviti segir: "Þetta mun gott ráð ef þú verður eigi fundinn en ella mun þér að verða mikil svívirðing. Vildi eg heldur að vér verðum fé vort og fjör meðan vér mættum."

"Hitt er ráðlegra," segir Þórður, "öllum mun friður gefinn nema mér."

Hann gekk nú á eyna og settist undir bakka í hrísrunni einum og sá hann til skips. Hann hafði kufl einn ystan klæða.

Nú biður Björn sína menn vopna sig og vitja kaupmanna, lét það mundu satt sem fyrst var sagt var sagt að Þórður Kolbeinsson mundi stýrimaður vera. Þeir gera svo sem Björn mælti, ganga upp á kaupskipið og sýnist lið vera höfðingjalaust. Spyr Björn hver forráðandi skipsins væri.

Þeir kunna enga þökk þarkomu Bjarnar en þeir fóru svo með sögunni sem Þórður hafði mælt.

Björn trúir því eigi og vill leita um eyna. "Ey er lítil og munum vér finna hann ef hann er þar."

Nú rannsaka þeir fyrst skipið og finna hann eigi. Síðan fóru þeir um eyna og voru nær tvö hundruð manna í leitinni. Og er þeir Björn koma þar að sem Þórður sat þá sprettur hann upp og heilsar vel Birni.

"Hér ertu nú Þórður," segir Björn, "en eigi í Danmörk. Eða hví skal nú svo lágt sitja? Seg oss nú tíðindi af Íslandi. Löngu fundumst vér næst."

"Mart kann eg segja tíðinda," segir Þórður.

"Hvar varstu í vetur?"

Þórður svarar Birni, hann segir: "Með konungi í Noregi."

Björn segir: "Hvar var konungur í landi?"

"Norður var hann," segir Þórður, "og er voraði fór hann austur til Víkur og mun hann þar nú vera."

Björn mælti: "Hvað segir þú nýjast af Íslandi?"

"Andlát Skúla," segir Þórður, "en líf föður þíns og fóstura."

Björn mælti: "Tíðindi eru það mikil er Skúli er andaður. Eða hvort er það satt að þú hefir fengið Oddnýjar Þorkeldsdóttur litlu síðar en við skildum?"

Þórður kvað það satt vera.

Björn mælti: "Hversu trúlega þóttist þú halda við mig vináttuna?"

Þórður segir: "Eg vissi eigi að hún skyldi lengur bíða þín en þrjá vetur."

Björn mælti: "Eigi gerir þér nú undanherkjun sjá því að eg veit hér áður allan sannleik um þetta."

Þórður bauð honum yfirbætur.

"Hitt mun ráðlegra," segir Björn, "að þú sért drepinn og lúki með okkur."

Nú lýkur með því að Björn gefur þeim lífsgrið en af þeim tók hann fé og svo knörrinn. Síðan fló hann Þórð af gripunum og gerði hann sem hraklegast ráð hans allt. Þórður mælti til að hafa gripina og náði ekki. Síðan lét Björn Þórð og föruneysi hans allt fara á knarrarbatinn með klæðum sínum og flytja svo til meginlands.

Og áður þeir skiljast mælti Björn: "Þórður," kvað hann, "nú er þér ger nokkur hneisa og svívirðing og fjárskaði og er þó að öllu minni en þú ert maklegur. Far nú til Orkneyja og dvelst lítt við Noreg en eg mun fara á konungsfund og met eg hann svo mikils ósénan að fyrir það drep eg þig eigi er þú varst gestur hans. Og hvar sem eg hittu þig héðan frá skal þér hvergi óhætt nema mjög verði annan veg en mig varir."

Þeir Þórður gengu nú á bátinn og svo hinir víkversku menn og vildu þeir til eigna sinna. Þeir höfðu vopn sín. Síðan hittu þeir konung og sögðu honum þessi tíðindi um ránið og sakargiftir við Þórð.

## 8. kafli

Eftir þetta átti Björn stefnu við Auðun féлага sinn og kvaðst vilja fara til fundar við Ólaf konung "og vil eg eigi reiði hans yfir mér fyrir kaupmannarán."

Auðun kvaðst vilja fylgja honum því að honum léku landmunir að staðfestast í Noregi.

Nú kom þeir á konungsfund og létu eftir menn sína flesta og svo fé og skip. Þeir komu þrem nóttum síðar á konungsfund en þeir Þórður. Þeir Björn gengu tólf saman í höllina þá er konungur sat yfir drykkju en fimm tigir manna voru eftir við skip. Björn gekk fyrir konung og kvaddi hann vel. Konungur spyr hver hann sé. Hann segir til sín.

Konungur segir: "Er eigi þetta sökudólgur þinn Þórður?"

En hann kvað víst þann vera.

Konungur kvað hann djarfan mann vera er hann þorði á hans fund að fara og bað þá taka og setja í járn.

Björn kvað það hægt mundu að gera en kvað þó sér þykja trautt af sakleysi við Þórð.

Konungur kvað víkingum auðfengnar sakir við kaupmenn er þeir girnast fé þeirra.

Björn segir þá og tekur til að upphafi um viðskipti þeirra Þórðar og sakir þær er hann þóttist eiga við Þórð Kolbeinsson.

Konungur spurði Þórð ef svo var sem Björn sagði.

Þórður kvað sannspurt áður andlát Bjarnar, áður hann fengi konunnar.

"Eigi hefir þó sú raun á orðið," segir konungur, "og þykir mér Björn eiga miklar sakir við Þórð. Eða viljið þið nú," segir konungur, "að eg geri í millum ykkar?"

En því játuðu þeir báðir og voru þá grið sett. Og síðan gerði konungur konuna til handa Þórði og öll fé hennar en Birni jafnmikið fé af þessu, er hann hafði tekið upp fyrir Þórði, og var talið með fé Oddnýjar, erfð er hún átti eftir föður sinn. Svívirðingar skulu jafnmikið mega, Fjárreyta og konutak. Björn skyldi hafa guðvefjarkyrtíl og hring fyrir þann er Þórður tók með Oddnýju. Þórður skyldi hafa sverð það er konungur hafði gefið honum og kvað þeim mundu betur fara er vel héldi þessa sætt.

Öll fé Þórðar hlaut Björn sem hann hafði þar nema skip en hver kaupmaður skal hafa sín fé er Björn hafði upp tekið fyrir.

Þórður var um veturinn með konungi og svo Kálfur og Eiðssynir en Björn fór í Vík austur og þeir Auðun, er Björn hafði í frið þegið við konung, og voru þar um veturinn. En að sumri fór hann til Ólafs konungs og var með honum tvo vetur síðan.

En Þórður fór til Íslands um sumarið og gat ekki um skipti þeirra Bjarnar hver verið höfðu austur. Ólafur konungur gaf Þórði viðarfarm á skip og fór Þórður út hingað og heim til bús síns.

## 9. kafli

Björn var nú með konungi. Og eitthvert sinn er þeir hjöluðu, konungur og Björn, þá mælti Björn:

"Veit eg herra um þá menn er mig rægðu við þig af fundi okkrum Þórðar, að þeir mundu geta þess hvað eg virti mest til að eg drap eigi Þórð og menn hans?"

Konungur mælti: "Eigi var mér það sagt."

Björn mælti: "Eg skal þá segja þér að eg virti þig svo mikils ósénan að fyrir því drap eg Þórð eigi og alla skipshöfn hans, að hann hafði yðar veturgestur verið, og það mundi hann reyna ef við fyndumst og ættir þú eigi hlut í eða þætti þér eigi misboðið."

Konungur mælti: "Heyrum þetta nú af þeim mönnum er oss sögðu því að þá reynum vér að góðum mönnum og munu þeir satt segja."

Nú var svo gert og gengu þeir við að Björn hafði svo mælt að konungs nyti að er hann dræpi Þórð eigi og förunauta hans.

Konungi þótti nú enn meira vert en áður er hann hefði Þórði upp gefið fyrir hans sakir.

Þeir menn voru með konungi er vissu skipti þeirra Bjarnar og Þórðar er þeir voru með Eiríki jarli og sögðu það konungi og hafði Björn gefið allt með vitnum.

Konungur segir: "Það er nú og rétt," segir hann, "að hásetar Þórðar hafi svarið til fjár síns í mínu umdæmi en Þórði til friðar."

Björn kvaðst ætla að eigi mundi hann honum þyrma nema konungs nyti að.

"Meiri vinur minn skaltu vera hédan af en hingað til," segir konungur en kvað þeim þó nú það eina sóma að halda sætt þá er hann hafði gert þeirra á meðal. "En það vildi eg," segir konungur, "að þú létir af hernaði. Þótt þú þykist vel með því fara þá verður þó oft guðs rétti raskað."

Björn kvað svo vera skyldu og kvaðst fús með honum að vera.

Konungur mælti: "Vel verður þú mér að skapi en ekki mun okkur auðið löngum saman að vera því að hingað er von Þorkels Eyjólfssonar vinar míns og mun hann snögg vera ósáttur við þig fyrir sakir Þórðar. Og er það ráðlegt að halda út til Íslands."

Það haust var Björn með konungi og voru sáttir heilum sáttum og þá Björn góðar gjafir af honum.

Sá atburður varð þar að veislu einni þá er Björn fylgdi konungi, og jafnan voru margir velgerningar veittir konungi sem maklegt var, og honum var ger kerlaug því að eigi er annarra lauga kostur í Noregi. Konungur og hans menn fóru í laugina og lögðu menn klæði sín á völlinn en tjaldað var yfir laugina. En það var mönnum þá títt að hafa reimar, því líkar sem lindar væru, og var því vafið frá skó og til hnés og höfðu það jafnan helstu menn og tignir. Og það sama hafði konungur og Björn. Og er Björn gekk til klæða sinna fyrr en aðrir menn og voru fót Bjarnar hjá klæðum konungs og varð Birni eigi að hugað fyrr en menn voru klæddir að Björn hafði skipt um reimarnar við konung og sagði honum þegar til vanhyggju sinnar. En konungur skipaði kyrrt vera og kvað þá eigi verri er hann hafði. Björn hafði ávallt þessa reim um fót sinn á meðan hann lifði og með henni var hann niður grafinn. Og þá miklu síðar er bein hans voru upp tekin og færð til annarrar kirkju þá var sú hin sama ræma ófúin um fótlegg Bjarnar en allt var annað fúid og er það nú messufatalindi í Görðum á Akranesi.

Og nú um veturinn eftir var Björn í Noregi og gaf Ólafur konungur honum skikkju vandaða og hét honum sinni vináttu og kallaði hann vera vaskan mann og góðan dreng.

## 10. kafli

Frá því er nú að segja þá er voraði að Björn bjó skip sitt til Íslands. Og þá bjuggust og önnur skip til Íslands og koma þau fyrr út en Bjarnar skip. Ólafur konungur sendi orð með mönnum að Þórður skuli vel halda sáttum við Björn þótt hann kæmi út og kvað hann þess skyldan fyrir sakir þeirra viðskipta slíkra sem orðið höfðu.

Á því sumri kom Björn út í Hrútafirði á Borðeyri með mikið fé og hafði sóttan mikinn frama og atgervi. Þeir bera búnað sinn af skipi og reisa tjöld sín.

En í öðrum stað er þess við getið eitt kveld að Oddný tók til orða við Þórð bónda sinn: "Hefir þú nokkuð tíðinda heyrt Þórður?"

"Engi," segir hann, "en því muntu um það ræða að þú munt spurt hafa nokkur."

"Nær getur þú," segir hún. "Frétt hefi eg það er mér þykja tíðindi. Mér er sögð skipkoma í Hrútafirði og er þar á Björn sá er þú sagðir andaðan."

Þórður mælti: "Það má vera," segir hann, "að þér þyki það tíðindi."

"Víst eru það tíðindi," segir hún. "Og enn gerr veit eg nú," segir hún. "hversu eg er gefin. Eg hugði þig vera góðan dreng en þú ert fullur af lygi og lausung."

"Það er mælt," segir Þórður, "að yfirbætur séu til alls."

"Mig grunar," segir hún, "að sjálfur muni hann hafa skapað sér bæturnar."

"Haf þú það fyrir satt sem þér sýnist," segir hann. Nú fellur þetta hjal með þeim.

Þeir Arngeir og Ingjaldur fara til skips og hitta Björn. Verður þar fagnafundur með þeim og bjóða Birni til sín og kváðust nú verða honum fegnir, sögðu nú langt hafa verið funda á milli. Hann kvaðst fara mundu. Síðan var upp sett skipið er á leið sumarið en Björn fór heim til föður síns.

Mörgum mönnum varð nú dátt um heimkomu Bjarnar því að áður hafði mjög verið á dreif drepíð um mál Bjarnar hvort hann var lífs eða eigi. Sagði annar það logið en annar sagði satt en nú var reynt hvort sannara var.

Birni var vel fagnað er hann kom heim. Fóstri hans gaf honum hundinn V... því að honum hafði þótt hann góður fyrr. Faðir hans gaf honum hest er Hvítungur hét. Hann var alhvítur að lit og með fola tvo hvíta. Það voru góðir gripir.

## 11. kafli

Nú er það sagt að Þórður spurði Oddnýju hve ráðlegt henni þætti að bjóða Birni til vistar og kvaðst eigi vilja að menn gengju milli þeirra og rægðu þá saman "og vil eg svo reyna skap Bjarnar og trúlyndi við mig."

Hún latti, kvað það oráð að því orði sem áður lék á. Þórður lét eigi letjast og fór í Hólm í Hítardal. Hann reið einn saman í blárrí kápu. En fjall stendur að húsbaki í Hólmi og gengur hryggur sá niður af fjallinu að húsunum heim. Það höfðu þau að sýslu þann dag, Björn og móðir hans, að þau breiddu niður léreft og þurrkuðu er vot höfðu orðið.

Hún tók til orða: "Maður ríður þar," segir hún, "í blárrí kápu og er alllíkur Þórði Kolbeinssyni, og hann er og, og mun hans erindi óþarft."

"Eigi mun það," segir Björn.

Þórður kom þar. Þeir kveðjast og spyrjast almæltra tíðinda. Síðan mælti Þórður: "Það er erindi mitt hingað að vita hvort þú vilt halda sættir við mig þær er konungur gerði milli okkar og skuli nú hvorgi eiga öðrum sakir að bæta og er það merkilegt er skilríkur maður hefir samið milli okkar. En var mér það í hug um hríð að við mundum ekki sættast."

Björn kvað það einsætt að halda sættir, það sem þeir höfðu um mælt.

Þórður mælti: "Eg hefi þann hluta haft mála er veglegri þótti og mun eg nú það sýna að eg vil að við sættumst heilum sáttum. Eg vil bjóða þér þangað til veturvistar til mín og skal eg vel veita þér. Vænti eg og að þú munt svo þiggja." Þórður fór þar um fögrum orðum.

Þórdís mælti: "Það mun sýna að eg mun ekki mjög talhlyðin. Hugðu svo að Björn," segir hún, "að því flárá mun Þórður hyggja sem hann talar sléttara og trú þú honum eigi."

Þá kemur Arngeir að og spyr hvað þeir ræði. Þórður segir honum.

"Svo sýnist mér," segir Arngeir, "sem sá sé þeim meiri vinur er þessa fýsir, ef þeir væru þá sáttari en áður, og fýsa vil eg Björn að fara og mun Þórður það efna sem hann mælir," og stenst heldur í móti með þeim hjónum.

Björn mælti: "Það hefi eg ætlað að vera með föður mínum og mörgum mun kynlegt þykja heimboð þetta sakir orðróms manna."

Þórður mælti og kvað að Björn væri honum eigi trúr ef hann þægi eigi boðið. Og nú hét Björn að vera þar nokkura stund og kvaðst þó mundu dveljast fyrst með föður sínum.

Þórður reið heim og segir Oddnýju hvert hann hafði farið um daginn og kvaðst nú hafa það erindi fengið er hann vildi.

"Hvert er það?" segir hún.

Hann segir að þangað hafi hann boðið Birni og kvaðst það hafa gert til yfirbóta við hana.

"Það hygg eg," segir hún, "að nú ljúgir þú ef þú kannt það."

Þórður segir: "Eigi verður einn eiður alla." Skilja þau nú hjalið.

## 12. kafli

Nú bjóst Björn til vistar með Þórði og fór á Hítarnes með þrjá gangandi gripi, hesta tvo og hund. Hann reið hesti og hafði annan í togi. Eftir lét hann fé sitt í Hólmi. Þórður tók vel við honum og setti hann hið næsta sér og bað menn nú einkum að vel skuli þeir á meðal ganga og hétu menn um það góðu en flestum þótti þarvist Bjarnar kynleg. Og þó líður nú stund og horfist vænlega á með þeim.

Það er sagt um öndverðan vetur kemur Þórður að máli við Oddnýju og spyr hversu þá mun sýslum gegna. "Er nú mart á höndum," segir hann, "og þyrfti að allir væru að nokkuru nýtir."

Ey liggur í Hítará, gagnauðig bæði að selveri og eggveri, og þar voru sláttur í og sæði.

"Nú munu karlar og konur fara til að skryfa korn," segir hann, "en þú verður að vera heima því að sauður mun heim rekinn í dag og verður þú nú við að leita að mjólka þótt þú sért óvön."

Hún mælti: "Sé eg þá allmaklegan mann til að moka kvíarnar og skaltu það gera."

"Rangt mælir þú nú," segir Þórður, "því að eg hefi meiri önn fyrir okkru búi en þú," og rennur honum í skap og drap hendi sinni hægri á kinn henni.

Björn var skammt í frá og heyrði hvað þau ræddu og kvað vísu:

Snót biðr svein hinn hvíta  
svinn að kvíar innan,  
reið era Rínar glóðar  
ranglát, moka ganga.  
Harðla nýt, sú er heitir,

Hlökk miðs vita Rökkva,  
sprund biðr út að andar,  
Eykyndill, mig skynda.

Þórður fór til verks en Oddný mjólkaði ekki ásauðinn enda mokaði Þórður ekki kvíarnar. En eigi góð þótti Þórði vísan er Björn kvað en þó var það nú fyrst kyrrt.

Nokkuru síðar er það sagt að Þórður kom inn og hann sá að Björn átti tal við konur. Það var um kveld og var Björn kátur við þær. Þórður kvað þetta:

Út skaltu ganga,  
illr þykir mér  
gleymr þinn vera  
við griðkonur.  
Sitr þú á öftnum  
er vér inn komum,  
jafnauðigr mér,  
út skaltu ganga.

Björn mælti: "Hafa viltu enn þann bragarháttinn sem fyrr meir", og kvað vísu í mót:

Hér mun eg sitja  
og hátt vel kveða,  
skemmta þinni  
þjóðvel konu.  
Þá mun okkr eigi  
til orðs lagið,  
er eg heill í hug,  
hér mun eg sitja.

Sá atburður varð enn einu sinni litlu síðar um kveld að Þórður kom inn og gekk hljótt og vildi vita hvað fyrir væri. Hann heyrði mannamál og þóttist vita að þau Björn og Oddný ræddust við og hleraði ef hann mætti heyra hjal þeirra. Björn varð og var við og segir Oddnýju að Þórður hleraði til hvað þau ræddu. Hún kunni þess enga þökk og gekk í brott og blés við hátt en Björn kvað vísu:

Eykyndill verpr öndu  
orðsæll og vill mæla,  
brúðr hefr bestar ræður  
breksöm, við mig nekkvað.  
En til Jarðar orða  
ölreyrar gengr heyra  
lítill sveinn og leynist  
launkárr og sest fjarri.

Þórði hugnar eigi við Björn um kveðskapinn en þó er nú kyrrt og hyggur sitt hvor.

Það var eitt kveld að þau voru í stofu að Þórður setur Oddnýju í kné sér og er blíður við hana, vill vita hvernin Birni bregður við. Hann kyssir hana og lét fylgja vísu:

Muna mun Björn að Birni  
bauga Grund úr mundum,  
snót hin snerriláta,

slapp Hítðlakappa.  
Skapað var mér, en mjórar  
muna þrjótr konu njóta,  
ráð er slíkt til snúðar,  
sveigar þöll að eiga.

"Svo var," segir Björn, "að eg varð að láta þetta kvonfang en gerst hefir það í okkrum viðskiptum að eg vænti að þér muni seint fyrnast," og kvað vísu:

Þat mun þér, er mætti  
þín sveit liði mínu  
þar fyr Þrælaeyri,  
Þórðr, eimuni, forðum  
og frá auði miklum  
ódrengila genguð.  
Bart, þótt allvel ortir,  
oftsinnnum hlut minna.

Eigi var langt að bíða áður hann kvað:

Muna mátt hitt að hattar  
halland, vann eg grandí,  
lítill sveinn, um leiti  
látprúðr hvar þú dúðir  
og frá byrjar blakki  
brátt, sem orka máttir,  
annars snauðr en æðru,  
ills kunnandi runnuð.

Og enn þykir Birni eigi fullgert í mót því er Þórður minnti hann á um sakirnar og hældist er hann hafði hlotið konuna en Björn varð lausa að láta, og kvað enn vísu:

Hefnt tel eg þessa að þessa  
þornteigar gekkst eiga,  
þín er í þurrð að einu,  
Þórðr, vegsemi, skorðu.  
Þér á Oddaeyri  
undan mínum fundi  
brúar und bakka lágum  
Brenneyja láguð, skreyja.

Nú er þetta kyrrt og þykir nú hvorumtveggja verr en áður. Eitt sinn kvað Björn vísu þessa:

Sátt við, sveinn hinn hvíti,  
sviftr auði og giftu,  
áðr var eg odds við hríðir,  
öfund í Sólundum.  
Þá er raungetinn reyttag,  
rusilkvæðr, af þér bæði,  
heldr var gráleikr goldinn  
gauri, knörr og aura.

Eigi líkaði Þórði vísan sem von var og gerist nú fátt og gneypt á með þeim.

Eitt kveld var það sagt að Björn sat hjá Oddnýju og söðlar því á ofan að hann kvað vísu þessa til Þórðar:

Þá mun þunnrar blæju  
þöll vestarla und fjöllum,  
Rindr vakti mig mundar,  
manns þíns getu sanna  
ef gæti son sæta  
sunnu mars við runni,  
von hét eg rétttrar raunar,  
ríklunduð mér glíkan.

Nú nemur staðar fyrst um kveðskap þeirra og eigast ekki við.

### 13. kafli

Frá því er sagt eitt kveld að Þórður kom að máli við Oddnýju. "Það segir þú mér og margir aðrir," segir hann, "að Björn sé drengur góður en mér sýnist eigi svo um suma hluti. Hann setur hund sinn jafnaðigan okkur undir borði en eg hefi eigi fyrr við hunda átt og mun honum leiðast ef deildur er verðurinn."

Hún segir: "Viltu þess freista þá og vita þá hvað að hafi?"

"Svo munum við vera láta," segir hann, "Nú skal vera brauðhleifur syfldur fyrir manni og vitum hvort hann gefi hundinum af. Það fylgir og þessu," segir Þórður, "að hestar tveir eru hér í vetur og ginnir hann húskarla mína til þess að gefa þeim. Og er það lítilmannlegt að ginna þá til að gefa hrossum."

Og nú er breytt var búnaðinum þá gaf Björn hundi eigi síður en áður en þeir Þórður og Björn höfðu mat að minna en hjónin heituðust við í öðru lagi að hlaupa á brott fyrir búnaðar sakir. Fá mál var þetta áður Þórður ræddi um við Oddnýju að hann kvaðst eigi nenna lengur að svelta fyrir hundinn Bjarnar og stoðar þetta ekki. Varð búnaður aftur að koma. Nú er svo gert. Þá líkar hjónum vel en Björn lét sem hann viti eigi.

Oft ræddi Þórður um fyrir Oddnýju hversu honum þótti Björn óþakklátur og stirður um það er við bar. Og eitt sinn er þau áttu um það að ræða kvað Þórður vísu:

Sextán var hugr hjóna,  
hverr lifði sér þverrir  
ýs í óru húsi,  
auð-Hlín, að mun sínum  
áðr garðvita gerði  
grundar einn fyr stundu  
stríðir stökk í búðum  
stórgeðr liði óru.

Þar voru þau öll um veturinn við lítið samþykki og ekki var það mjög að vilja Oddnýjar. Því hafði Þórður í fyrstu heitið Birni að hesta hans skyldi færa til haga í Hítarnes eða láta gefa heima ella og hafði Björn viljað að heldur færu í brott en leið undan og varð eigi gert.

Kálfur illviti kom á Hítarnes og spurði hve Þórði líkaði við veturgestinn eða hvort hann réði því er meiri hlutur töðu fyrst en hestar hans ætu, gengu síðan að sjá heyið og þótti illa með farið.

Þórði líkar illa og segir Oddnýju að Björn hafi keypt að húskörlum að troða hey hans í saur og spilla því.

Hún segir og kvað Björn eigi mundu það gert hafa að eiga hlut í því að hestum hans væri annan veg gefið en öðrum hrossum "en þú hygg að, að þú efnir allt vel það er þú hefir honum heitið."

Eftir þetta lét Þórður fara í brott hesta Bjarnar og út í Hítarnes og hafa þeir þá góðan haga. Og lætur þá af gnadd Þórðar við hesta Bjarnar og er nú kyrrt að kalla um stund.

## 14. kafli

Frá því er sagt eitthvert kveld að þeir Þórður og Björn sátu í bekk og fór í bágar með þeim. Þá kvað Þórður vísu til Bjarnar:

Út skaltu ganga,  
oss selduð mjöl  
rautt álití,  
rúg sagðir þú,  
en þegar er virðar  
vatni blendu  
var það aska ein,  
út skaltu ganga.

Björn kvað í móti:

Kyrr mun eg sitja,  
kom eg á hausti,  
hefi eg fornan mör  
fullu keyptan.  
Feld gáfuð mér  
fagröggaðan,  
kappsvel drepinn,  
kyrr mun eg sitja.

Það fannst á að Þórði þóttu framlög sín mikil en ekki gott í mót koma. Björn galt og slíkt í mót því að honum þótti heimboðið Þórðar verið hafa með glysmálum einum en veitt kotmannlega og þótti illt eina fyrir vert og þótti báðum þá verr en áður.

Öll hvíldu þau í einu útibúri um veturinn, Þórður og Oddný og verkkona er togaði af þeim klæði.

Það var einhvern aftan að Oddný kom síð til rekkju og gaf Þórður henni ekki rúm í rekkjuna. En hún sté upp yfir stokkinn og vill undir fötin hjá honum og var þess eigi kostur og sat hún af því upp.

Þá kvað Björn vísu:

Svo flakir Ullr um alla  
odd böð-Gefnar Loddu,  
hinn er ljóta fal lýti,  
linnbeðs, sæing innan

að hól-Njörun hvílir  
hrannblakks kalin nakkvað,  
lofat Þrúðar hag þýðrar  
þorns, á beðjar horni.

Oddný bað þá að þeir skulu eigi yrkja um hana og taldi eigi þetta vera sín orð.

Nú er frá þessu upp um veturinn og til sumars er þeir mælast ekki við.

Það hafði Oddný mælt við Björn um veturinn að dóttir þeirra Þórðar skyldi vera honum í þann stað er hann hafði eigi fengið hennar sem ætlað var. Og eitt kveld minntist Björn á þetta og setur meyjarnar í kné sér og kvað vísu þessa:

Systr eru tvær með tíri,  
trúi eg enn sögum hennar,  
þýð og þeirra móðir  
þekk bragsmíðar skekki.  
Þær eru mér in meira,  
men-Grund lofa eg stundum,  
það er versóka veiti  
vonlegt, í stað kvonar.

Og nú er kemur að sumri og ætlar Björn í brott að búast. Það er sagt þá er Björn var búinn á brott úr vistinni þá gaf hann Oddnýju skikkjuna Þórðarnaut og mælti hvort þeirra vel fyrir öðru. Og er hann var albúinn reið hann að útibúri er Þórður var inni og Kálfur illviti hjá honum og var hann þá nýkominn þar.

Björn segir Þórði að hann var þá til ferðar búinn og hann ætlar þá úr vistinni.

Þórður kvað það vel þykja og betur að fyrr væri.

Björn kvaðst það vitað hafa fyrir löngu. "Hefir nú þann veg verið," segir hann.....

(Hér er eyða í sögunni.)

## 15. kafli

Nú er frá því fyrst að segja að Þórður Kolbeinsson kannaði fjöru sína. Hann kom þar sem selur var í vök og var særinn undan fallinn en ísar allt um utan og komst selurinn eigi brott. Þórði kom í hug ef hann sækti sér vopn heim að fyrr mundi sær undir falla en hann kæmi aftur og mundi hann þá eigi ná selnum og vildi það eigi, réðst til síðan og fær hlaðið selnum. En á varð slys við því að selurinn beit í lær honum og varð Þórði að því mein. Þórður kom heim og lét selinn til gera en ætlaði að leyna bitinu. En því kom hann eigi á leið og hafðist illa sárið og kom svo að hann lá í rekkju.

Björn var eigi sk... að því búinu á Völlum og spurðist þangað og gerðu menn eigi um það allorðfátt hvað Þórði væri til meins og kvað Björn vísu:

Hoddgeymir liggr heima,  
hér fregna það gegnir,  
sár fékk mýgír mörva  
misleitr af selreitum.  
En þá er út taka hrannir

allhvasst um sker falla  
færir lókr um leiru  
ljótr kerlingu skjóta.

Spyr Þórður þetta og heyrir kveðna vísuna og þykir ekki góð og þó líkast vanda Bjarnar. Ekki svarar Þórður hér í mót fyrst og er kyrrt.

## 16. kafli

Nú er frá því að segja að Þorgeir húskarl Bjarnar mælti við hann á einu hverju kveldi, kvað hey eigi vera mundu sem þyrfti til nauta þeirra er hann skyldi gæta og bað Björn til fara að sjá fódrið hvort hann ætlaði að endast mundi. Björn gerir svo sem hann beiddi. Fara þeir og koma til fjósanna og gekk Þorgeir til fyrri því að honum var þar gangur kunnari.

En kýr hafði borið kálf og féll Þorgeir um kálfinn er lá í flórnum og mælti illt. En Björn bað hann kasta upp í básinn kálfinum. En Þorgeir kvað æ því betur þykja er sá skelmir lægi neðar og vill eigi til taka. Síðan tók Björn kálfinn úr flórnum og kastaði upp í básinn.

Heim fóru þeir síðan og segir Þorgeir vinum sínum þetta, að Björn tók kálf úr flóri og kastaði upp í básinn "en eg vildi eigi."

En þá voru þar gestir og heyrðu frásögn Þorgeirs. Og eigi miklu síðar komu þeir sömu menn á Hítarnes til Þórðar og segja þetta. Hann segir og kvað Björn fengið hafa þar svo bæði kvenna og karla um slíka hluti að sjá að eigi mundi nauðsyn að hann byrgi kúm og kvað vísu:

Hvað skyldir þú halda  
heim ríkr í slíki,  
enn höfumk orkn um skeindan,  
ár á mínu sári?  
Það mun sorg, und saurgum,  
seimpollr, hala kollu,  
remmitungls, að röngum,  
randskjálfr, greiptu kálfi.

Það sýnist mönnum ráðlegt að sú vísa væri lítt borin. En eigi varð vísan á dreif drepin og kom til eyrna Birni og þótti honum ill og vildi eigi svo búið vera láta.

Björn reið um sumarið á Hítarnes með sex tigu manna og stefndi Þórði um vísuna sem hann kallaði lög til standa. En það mæltu beggja vinir að eigi skyldu þessi mál til þings berast og skyldu þeir heldur sættast í héraði en þess var engi kostur. Vill Þórður eigi sættast á fyrir þingið.

Þeir sættust á þingi og skal Þórður gjalda hundrað silfurs fyrir vísuna. Og þess beiddist Björn í lögréttu að hvor þeirra sem kvæði nokkuð í heyrn öðrum, að sá skyldi óheilagur falla. Og lofuðu þeir það er ráða áttu og þótti vænna að þeir mundu firr sauri á ausast og fóru við svo búið heim. Var nú kyrrt að kalla.

## 17. kafli

Þess er nú við getið að hlutur sá fannst í hafnarmarki Þórðar er því git vinveittlegra þótti. Það voru karlar tveir og hafði annar hött blán á höfði. Þeir stóðu lútir og horfði annar eftir öðrum. Það þótti illur fundur og mæltu menn að hvorskis hlutur væri góður þeirra er þar stóðu og enn verri þess er fyrir stóð.

Þá kvað Björn vísu:

Standa stýrilundar  
staðar ...  
Glíkr er geira sækir  
gunnsterkr að því verki.  
Stendr af stála lundi  
stýrr Þórröði fyrri.

Þórði þótti ill sú tiltekja og hneisa er níð var reist í landi hans og hafði þetta á hendur Birni. Og eigi þótti honum yfirbót í vísunni er Björn orti og reið nú um vorið eftir til Bjarnar við sex tigu manna og stefndi honum til alþingis um níðreising og vísu.

Enn ræddu það vinir þeirra að þeir mundu heima sættast heldur en færa svo ljótt mál til alþingis. Björn vill það eigi og koma til þings og sættust þar á málið og hlaut Björn að gjalda þrjár merkur silfurs fyrir níðreising og vísu, fara heim og eru nú sáttir að kalla og er nú kyrrt tvo vetur svo að ekki er í frásögn fært.

## 18. kafli

Á hinu þriðja sumri um alþing kom skip á Eyrum og voru þar á tveir frændur Þórðar, víkverskir menn og bræður. Hét annar Óttar en annar Eyvindur. Þeir voru skyldir Þórði í föðurætt hans. Hvortveggi var garpur mikill. Þeir senda Þórði orð að hann kæmi á mót þeim, höfðu spurt virðulegan ráðahag hans og hugðu að ráðast þangað til vistar. Og er Þórður spyr það ríður hann suður á Eyrar og fagnar frændum sínum og býður þeim til sín. Þeir fara með honum heim.

Ekki var svo fárætt um viðskipti Þórðar og Bjarnar að ekki hefðu þessir menn heyrt um rætt áður og var sá orðrómur á að Þórður hefði oftast minna hlut. Þeim líkar það illa því að þeir voru ofskapsmenn og kváðust það sjá kunna að Björn væri eigi svo mikill fyrir sér sem sagt var að menn muni eigi fá mega af honum jafnan hlut og fýsa Þórð að sitja eigi við svo búíð.

Héraðsmenn eiga oft ferðir út á Snæfellsnes eftir fiskiföngum eða öðru því er þar getur að kaupa.

Nú bar svo til að Björn fór á ströndina til Saxahvols til Arnórs mágs síns að fiskakaupum. Var honum þar vel fagnað.

Þórhildur föðursystir Bjarnar ræðir um það við hann: "Bæði er Björn," segir hún, "að þú ert mikill fyrir þér enda þykist þú svo. Kann vera þér þyki eg örörð. Mér sýnist óráðlegt að fara við annan mann svo sökótt sem þú átt. Eru þeir menn komnir í héraðið er oft hafa eigi unað skerðum hlut og þeir vita að Þórður hefir oft minna hlut en þú. Kann vera að þeir vilji það rétta. Eg á einn son hér er Þorfinnur heitir. Hann býð eg til fylgdar við þig en ærin er honum þó vist heima. Nú er eg fegin komu þinni en þó fegnari ef þú værir við tólf menn jafnvíglega sem Þorfinnur son minn er og þaðan af fleiri. Öllum mundi beini vera veittur en síður værir þú upp ger af bráðungu fyrir óvinum þínum."

Björn mælti: "Haf þú þökk fyrir boð þín og góðvilja og mun eg þiggja að Þorfinnur sé í minni för en eigi veit eg að nauðsyn sé til að fara með fjölmenni."

Þar er Björn þrjár nætur í góðum beina.

Þórður Kolbeinsson spyr að Björn er eigi heima og var farinn út til Saxahvols. Nú gefur hann sér erindi út á ströndina og fer með tólfta mann út í Beruvíkurlhraun. Þar voru frændur hans í för, Óttar og Eyvindur.

Og er þeir eru þar komnir þá segir Þórður þeim hvað undir förinni var, að hann ætlar að sitja þar fyrir Birni, kvað hans utan von frá Saxahvoli og kvaðst ætla að taka hann af lífi.

Þeir svara, frændur hans, sögðu ódregilegt tólf mönnum að sitja fyrir tveimur, létust eigi mundu hafa heiman farið með honum ef þeir vissu þetta og bjóða Þórði þann kost að sitja fyrir Birni með tvo menn ella vilja þeir tveir sitja fyrir honum bræðurnir: "Nú ætlum vér þótt Björn sé vel vígur maður þá er þó gert þar fyrir því að vér væntum að förunautur hans muni óvíglegri en hvor okkar. En við tólfta mann sitjum við aldrei fyrir honum."

Þórður mælti: "Segjum svo frá förinni þá er vér höfum reynt hvort eigi þarf þetta lið við Björn að eiga. En sé eg að bæði er að þið eruð vaskir menn enda þykir ykkur svo. Með því að þar sé um að kjósa sem þið sögðuð áðan þá sitjið þið fyrir honum en vér munum brott ríða."

Það vilja þeir. Þórður víkur nú í brott svo að hann varð ekki við riðinn er þeir sátu fyrir Birni bræðurnir og þótti sér horfa hið vænsta.

Nú er að segja frá Birni að hann býst í brott frá Arnórs mágs síns.

Þá kom húsfreyja að og mælti: "Það er mitt ráð," segir hún, "að Björn fari eigi héðan fámennari en við tólfta mann inn yfir Beruvíkurlhraun því að svo hefir mig dreymt til að Þórður muni þar sitja fyrir þér því að hann er ráðugur."

"Það mun hann eigi gera," segir Björn, "og mun hann nær bæ sínum gera ef hann vill."

Nú ríður Björn og fara þrír saman frá garði.

Þegar þeir voru nýfarnir þá mælti Þórhildur við Arnór bónda sinn: "Ef Birni verður nokkuð til meins í dag," segir hún, "þá munum við eigi til einnar rekkju í kveld."

Og nú við hennar aðkall þá fer Arnór heiman við níunda mann og kom eftir þeim við hraunið.

Björn fagnaði honum vel og mælti: "Brátt reiðstu eftir mér nú mágur."

"Því sætir það," segir hann, "að mér þykir þú seinn í boðunum við mig og mun eg nú bjóða mér sjálfur."

"Svo má vera," segir Björn, stíga nú af baki og leiða hrossin yfir hraunið því að þeir höfðu draga mikinn með að fara.

Björn og Arnór fóru fyrstir. Björn hafði krókaspjót í hendi og hjálm á höfði og var gyrður sverði og skjöldur á hlið en Arnór þvari hafði sverð í hendi og hendi um öxl til og hélt um miðjan meðalkaflann. Þeir gengu hraungötuna.

Og það sjá þeir bræður að fleiri menn fara hér en þeir væntu að Björn mundi hafa með sér og þótti för sín ill ef hann væri eigi en þeir leituðu undan. Og nú bíða þeir. Bar nú brátt að og finna eigi fyrir en Björn kom að þeim.

Eyvindur var þeirra eldri bræðranna og veitti hann Birni tilræði og hjó til hans með breiðöxi og kom í hjálminn og sveif ofan og tók hyrnan skjaldarfetilinn og varð Björn sár á bringunni og á fæti í öðrum stað. Hvortgi var það mikið sár. Óttar hjó til Arnórs í höfuð honum og af eyrað og af kinnarbeininu og stöðvar höggið í sverðinu er hann hafði um öxl sér. Björn kastaði skildinum frá sér á hraunið og hjó til Eyvindar og var það banahögg og féllu þeir þar báðir bræðurnir.

Þá kvað Björn vísu:

Veitat kvenna kneytir,  
kom drengr við styr lengi,  
hinn er um eyki annast,  
örmálugr það görva  
hvar böðserkjar birki,  
beit egg í tvö leggi,  
trauðr er ætna eyðir  
einvígis, læt eg hníga.

Nú binda þeir mágar sár sín og kasa þá þar bræðurna í hrauninu og síðan óhelga þeir þá sem lög lágu til fyrir aðhlaup og fyrirsát.

En Þórður Kolbeinsson var þar skammt í frá og vissi hvað títt var og þótti eigi færi að þeim að sækja er þeir voru svo margir saman og fór hann heim og varð ekki við riðinn við þenna atburð. Hann var spurður er hann kom heim hvar hann hefði komið lengsta en Þórður kvað vísu í móti:

Hvesstum tólf, en tvistir  
társ mýrgefendr váru,  
Leifa vegs í laufi  
laungögl, Beruhrauni.  
Ofláta sá eg ítran,  
áðr sté eg fljótt á grjóti,  
hafa vildu þá höldar  
herðimenn, í gerðum.

Og enn kvað Þórður aðra vísu:

Þorns, veit eg, ber Birni  
Baldr rógsögu skjaldar,  
neytr þykkist sá nýtir  
naðrbings, en mér aðra,  
því að enn, þætti betri  
þögn élviðum Högna,  
nú er eldskerðir oriðnn  
eggleiks bani tveggja.

Anrnór fór nú heim og varð heill sára sinna. Björn fór nú heim og nokkurir menn með honum fleiri en heiman fóru.

Og um dag orti Björn þessa vísu:

Það vil eg Þórður að frétti,  
þess unnum bör gunnar,  
ops búinn veik frá veiti  
vægja suður með ægi,  
að, þar er einir hittumst,  
jók eg tafn í dag hrafni,  
hafviggjar fyr hneiði  
hnigu tveir viðir geira.

Björn verður heill brátt sára sinna og var kyrrt eftir þetta. Ekki var nú eftirmál um þá bræður. Þórður lét þá færa til kirkju.

## 19. kafli

Svo vilja menn segja að Kálfur illviti bjó nokkura vetur í Hraundal sem fyrr var sagt en eftir það seldi Björn honum Hólmi að leigu en Björn og þeir feðgar bjuggu þá á Völlum.

Ofan frá Völlum er Grettisbæli og var Grettir þar í raufinni þann vetur er hann var með Birni en hann bjó þá á Völlum. Þeir lögðust ofan eftir ánni og voru kallaðir jafnstærkir menn.

Á Völlum lét Björn gera kirkju og helga með guði Tómasi postula og um hann orti Björn drápu góða. Svo sagði Runólfur Dálksson.

Því brá Björn búi í Hólmi að hann þóttist vanfær til að hafa tvö bú þótt hann hefði svo fyrst nokkura vetur er hann hafði við tekið búi föður síns. En nú var hann nógur orðinn um kvikfé og skorti nú ekki til að hafa tvö bú og var hann nú í Hólmi og kona hans en Arngeir á Völlum og þau hjón. Ekki hafði vingott verið með þeim Kálfi og Birni fyrr meir þá er Kálfur var í förum með Þórði og ráðum og þótti hann heldur tillagaillur. En nú gerist vinskapur er þeir feðgar bjuggu á landi hans og áttu þeir fjárreiður saman.

Nú er frá því að segja að Kálfur illviti keypti sér land fyrir vestan Hítardalsheiði þar sem heitir Selárdalur. Þar má kalla tvo bæi og heitir að Hurðarbaki annar. Þar bjó sá maður er Eiður hét og átti tvo sonu við konu sinni. Hét annar Þórður en annar Þorvaldur. Það var samtýnis við bæ Kálfs í Selárdal.

Og um haustið eftir er Kálfur hafði fært bú úr Hólmi vestur í Selárdal gerði Þorsteinn, son Kálfs, ferð sína suður yfir heiði og fór á Hítarnes til Þórðar og var þar vel við honum tekið og segir Þorsteinn erindi sitt að hann vill kaupa klyfjar sela.

Þórður mælti: "Hví lætur Björn vinur yðar yður eigi hafa slíkt sem þér þurfið er verið hafið vinir hans?"

Þorsteinn mælti: "Eigi hefir hann veiðiskap til."

Þórður mælti: "Veistu gjörla vinfengi hans til yðar? Mig minnir að hann lýsti til fjár á hendur yður í sumar á alþingi og mun svo ætla að gera á hendur yður stelafé að þér finnið eigi fyrr en hann hefir sekta yður og mun þá ætla sér landið það er þið búið á og mun hann nýta að eiga land jafnt fyrir vestan heiði sem fyrir austan eða sunnan."

Þorsteinn kvaðst það ekki spurt hafa.

"Það er nú," segir Þórður, "að þið eruð menn grunnsæir og meir gefið málróf en vitsmunir og munuð þið eigi finna fyrir en hann hefir ykkur upp teflt um fjárreiður. Vitið þið ekki um ráð Dálks frænda ykkars og vilduð við Björn enn eiga. En við Dálkur urðum á einu máli um viðskipti yðar og vildum ráða Björn af hendi fyrir en hann sekti yður. En þú þættir mér líklegur til að höggva stórt og muntu mega miklu afla og væri þér happ í og karlmennska ef þú fengir hann af ráðið og yrðir skjótari að bragði en síðan mættir þú fá ríkra manna traust."

Þorsteinn trúði þessu.

Þórður kvað hann hafa skyldu erindi sitt sem hann beiddi "og vil eg eigi fyrir hafa nema vingan því að þú skalt kom í Hólum er þú ferð heim og seg að þú munt koma síðar að vitja geldfjár. Og seg föður þínum ekki til um þetta er þú kemur heim."

Nú fer Þorsteinn á brott með fenginn og gerði sem Þórður bauð, kom í Hólum og segir Birni, kvaðst síðar mundu vitja sauða er þeir höfðu þar átt feðgar. Síðan fór Þorsteinn heim og færði föður sínum fangið.

Og eigi miklu síðar fór hann suður um heiði og kom í Hólum aftan dags er menn sátu við elda. Þorsteinn drap á dyr og gekk Björn til hurðar og heilsaði honum og bauð honum þar að vera.

Hann lést mundu fara lengra, ofan til Húsafells til Dálks frænda síns, og bað Björn leiða sig á götu "og skulum við skipa til að eg megi ná sauðfé mínu á morgun og reka heim."

Nú gengur Björn með honum úr garði og þóttist finna að hann ræddi ekki af hugðu um rétta skipan sem hann væri hugsí og litverpur mjög. Björn segir er þeir komu í hraunið að hann muni aftur hverfa.

Þorsteinn hafði bolöxi í hendi í hávu skafti og biturlega en var sjálfur léttbúinn að klæðum. Birni kom í hug að hann hafði komið til Þórðar áður hann færi vestur. Hann sá Þorstein vera litverpan og grunaði að hann mundi vera flugumaður, hogaði frá honum nokkuð og gaf honum færi. Þorsteinn lýsti brátt yfir hvað honum bjó í skapi. Hann reiddi upp öxina og vildi færa í höfuð Birni en Björn rann undir höggið því að honum var þessa alls von og tók um Þorstein miðjan og hóf upp á bringu sér. Honum varð laus öxin og féll hún niður. Síðan keyrði Björn hann niður og eigi þyrmilega svo að honum var lítils vant og tekur um barka hans og kyrkir til þess að hann var dauður og hafði engi vopn við hann. Síðan kasaði Björn hann þar í hrauninu og gekk heim eftir það.

Húskarlar hans spurðu hvar þeir Þorsteinn hefðu skilið. Hann kvað vísu:

Kálfs veit eg son sjálfan,  
sverða goðs, á roðnum,  
ræddu kapp né kvíddu,  
Klifsjörva nam eg fjörvi.  
Og vógum þann þeygi  
Þundar gráps með vápnnum.  
Fall varð fleygiþolli  
fjörgrand Niðar branda.

Björn svaf af um nóttina en um morguninn stóð hann upp og fór þegar með húskörlum sínum þar til er hann hafði dysjað Þorstein og nefndi votta og óhelgaði hann að lögum.

Síðan reið Björn vestur um heiði til Kálfs og bauð honum bætur fyrir son sinn, eigi af því að þess væri vert heldur fyrir vingan þeirra og þeir höfðu áður búið á landi hans og áttu enn fjárreiður saman "en eg veit," segir Björn, "að þetta hafa verið ráð Þórðar er Þorsteinn veitti mér tilræði."

Kálfur kvaðst vilja bætur taka ef hann hefði sjálfðæmi en eigi ella.

Björn kvað þess eigi kost og kvað Kálf ógjörla kunna sig þar sem hann bauð honum að bæta óhelgaðan mann, reið á brott síðan. Og hefir Björn nú drepit þrjá menn fyrir Þórði og gert alla ógilda að lögum réttum.

## 20. kafli

Um vorið fór Björn að reka geldinga sína neðan af Völlum og upp eftir dalnum þeim megin sem Húsafellsbær er og húskarlar hans með honum og sáu kolreyk í skóginn og heyrðu manna mál, hlýddust um hvað þeir mæltu. Þorkell Dálksson og húskarl hans ræddu um mál þeirra Þórðar og Bjarnar og um verka þann er hvor jós á annan og það var með mörgu móti og þokkar húskarlinn heldur með Birni en Þorkell með Þórði.

En þann veg var farið að þeir þrættu um hvor háðulegar hefði kveðið til annars. En þá hafði Björn eigi miklu áður ort flím um Þórð og var þá ærið heyrunkunnigt nokkurum mönnum. En þau voru þar efni í að Arnóra móðir Þórðar hefði etið þann fisk er hann kallaði grámaga og lét sem hann hefði fundist í fjöru og hefði hún af því áti hafandi orðið að Þórði og væri hann ekki dála frá mönnum kominn í báðar ættir. En þetta er í flíminu:

Fiskr gekk á land  
en flóð á sand,  
hrognkelsi líkr,  
var á holdi slíkr.  
Át einaga  
yglr grámaga,  
meinblandið hræ,  
mart er illt í sæ.

Óx brúðar kviðr  
frá brjósti niðr  
svo að gerðu eik  
gekk heldr keik  
og aum í vömb,  
varð heldr til þömb.

Sveinn kom í ljós,  
sagt hafði drós  
auðar gildi  
að hún ala vildi.  
Henni þótti sá  
hundbít, þar er lá,  
jafnsnjallr sem geit  
er í augun leit.

Nú segir húskarlinn að honum þótti Þórður illt af fá, bæði um kveðskap og allt annað, og kvaðst ekki jafnillt annað heyrt hafa sem Grámagaflít er Björn hefir ort um Þórð.

Þorkell kvað þó miklu háðulegri Kolluvísur er Þórður hefir ort um Björn.

Húskarl kvaðst hana aldrei heyrt hafa "eða kanntu vísuna?"

"Eigi þykir mér örvænt að eg kunni en ekki er mér um að kveða. Og er það af tekið og svo var mælt að sá skyldi óheilagur falla er hana kvæði í heyrn Birni. Er þetta þarfleysa þótt hann heyri eigi."

"Duga mun þér," segir húskarl. "Mér er á forvitni mikil en nú mun Björn ekki heyra."

Þeir eigast við lengi. Fer Þorkell undan en húskarl eftir, kvað nú fá vera um að sjá. Síðan lætur Þorkell að eggjast og kveður vísuna.

Þá hleypur Björn fram að þeim og kvað fleira mundu til verkefna en kenna Kolluvísur "eða hvort er," segir hann, "að þú manst eigi að sá skyldi óheilagur falla er kvæði vísuna, eða vildir þú engan gaum að gefa?"

Þorkell kvaðst ætla að hann mundi standa á hleri "og er ekki þínlegt," segir hann, "enda hygg eg að ekki munir þú sá konungur yfir mönnum að eigi munir þú láta menn fara frjálsa fyrir þér," og kvaðst slíkt eigi vilja.

Björn mælti: "Eigi mun eg yfir öðrum konungur ef eg er eigi yfir þér," og hjó hann banahögg.

En húskarl fór heim og sagði Dálki tíðindin. Hann harmar mjög son sinn og þótti ósýnilegt um bætur en hafði áður ætlað hjá að sitja málum Þórðar og Bjarnar.

Nú fer Björn heim og hefir mart manna með sér fyrst eftir vígið.

Dálkur fer á fund Þórðar Kolbeinssonar og sagði honum vígið og sakirnar og þótti Þórði mjög af sér hlotist hafa og bætti hann Dálki fébótum og tók við málinu til sóknar er eigi kæmu sættir á en Dálkur skyldi fylgja Þórði um eftirmál slíkt er hann mætti. Og eftir um vorið leitar Dálkur um sættir við Björn en hann svarar vel og neitti eigi að bæta.

Eftir það býr Þórður mál til þings á hendur Birni. Og er menn koma til þings þá vill Þórður halda fram vígsök en Björn fékk vörn í málinu og bar þá vörn fram að svo hefði mælt verið að sá skyldi óheilagur falla er vísuna kvæði svo að hann heyrdi. En hann kvaðst heyrt hafa er Þorkell kvað og kvaðst fyrir þá sök drepa hann. Og hlýddi vörn sú og ónýttist málið fyrir Þórði.

## 21. kafli

Það hafði verið um sumarið að Kolli hinn prúði var ungur að Björn kom til leiðar en sveinninn rann þar nokkurra vetra gamall og hið fríðasta mannsefni. Björn spurði hvers son sveinninn væri en maður svaraði honum og kvað vera son Þórðar Kolbeinssonar og heita Kolla.

Björn kvað vísu:

Leit eg, hvar rann hjá runni  
runnr dökkmara gunnar,  
ægilegr í augum,  
að líki mér, víka.

Kveða þreyjendr þeygi  
það barn vita Mörnar  
Heita humra brautar  
hlunns, sinn föður, kunna.

Ekki varð breytt um faðerni Kolla þótt Björn þætti hríðum mæla um í vísnum sínum hver von honum þótti á vera.

## 22. kafli

Einn vetur vart það sagt að Björn hafði skógarmenn nokkura með sér og lét þá virki gera um bæ sinn. Og um sömu skógarmannabjörg sótti Þórður Björn og hugðist að réttast ef hann mætti, er Björn hafði ónýtt mál fyrir honum, og hugðist nú vera mundu saksælli. Björn svarar fyrir þeim á alþingi og kvað Þórð nú með réttu ganga og satt mæla og kvaðst eigi vilja synja laga um þetta mál og kvaðst vilja bæta fé fyrir þetta mál. Þeir sættust hér um og galt Björn slíkt sem gert ver.

Svo bar að nokkuru síðar að Þórður Kolbeinsson barg tveimur skógarmönnum og fékk vist í Hraundal að Steinólfs er átti Þórhöllu Guðbrandsdóttur.

Björn spurði þetta, reið heiman og til sels Steinólfs og hitti mann þann í Grjótárdal er þar bjó og Eiríkur hét og gaf honum til kníf og belti að hann segði honum þá er skógarmenn færu til skips þeir er hjá Steinólfi voru. Hét hann honum því og hélt vörð á síðan. En Þórður ætlaði að koma þeim utan og fá þeim fé nokkuð, þóttist þá leysa þá best af hendi. Og það hafði Björn spurt að þann veg var til ætlað.

Nú kemur þar þeir fara á leið til skips, búast um kveldið og fara um nóttina. Og er Eiríkur varð var við ríður hann upp í Hólm og segir Birni en hann brá við þegar og reið eftir þeim en leið þeirra lá út yfir Hítará. Björn ríður eftir hart og hittir þá um nóttina áður en þeir koma yfir ána og er skammt frá að segja að Björn drap þá báða, dró þá síðan undir klett einn og kasaði. Hann hafði heim fjárhlut þann er þeir höfðu haft. Þórður átti hrossin er þeir fóru með.

Og ofanverða nótt ríður Björn heiman og hefir hrossin með sér. Hann kom svo snemma á Hítarnes að menn voru eigi upp risnir og lét Björn þar laus hrossin er skógarmenn höfðu haft, hittir síðan Þórð og mælti:

"Það er þér að segja að eg hefi drepið skógarmenn þína þá er þú hefir á hendur tekist. Nú með því að þér mislíki er það ráð að standa upp og hefna þeirra."

Þórður mælti: "Að réttu máttu kappi heita," segir hann.

Björn mælti: "Hvað skal að nafnfesti?"

Þórður kvað hann mundu hafa fé það er hann tók af skógarmönnum.

Nú skilja þeir að sinni og ríður Björn heim. Og kemur enn sá orðrómur á að Þórði hafi þetta eigi orðið til virðingar. Þykir honum þungt veita.

## 23. kafli

Nú er frá því að segja að eitt sinn áttu þeir hestaþing, Björn og Þórður, hjá Fagraskógi og koma þeir fyrir en alþýða héraðsmanna. Þá var Þórður beðinn skemmtanar og tók því eigi fjarri. En það var upphaf er hann kvað vísur þær er hann kallaði Daggeisla. Vísur þær hafði hann ortar um Þórdísi konu

Bjarnar en hana sjálfa kallaði hann jafnan Landaljóma.

Björn hlýddi skemmtan hið besta en lét eigi þurfa sig skemmtanar að biðja og að sjá hér í mót. Þá er Þórður hafði lokið tekur Björn og skemmtir vísum þeim er hann kallaði Eykyndilsvísur.

Og er lokið var spurði Þórður syni sína, Arnór og Kolla, hve þeim líkaði þessi skemmtan.

Arnór mælti: "Víst líkar mér illa og eigi um slíkt sætt."

Kolli mælti: "Eigi sýnist mér svo. Mér þykir jafnskapnaður að verki komi verka á mót."

Nú er kyrrt og koma héraðsmenn og hafa slíka skemmtan sem ætlað var og er ekki getið að þar yrði fleira til nýlundu. Er nú sem fyrr að Þórður undi hvergi betur við en áður.

Enn er þess getið einu sinni að þeir höfðu mælt til skemmtanar og hestavígs og gekk Björn að mjög og keyrði hestinn annan og hafði digran hestastaf í hendi. Þórður sat á hrossbaki og reið svo hjá mannhringnum og sá á vígið. Og þá er Þórð bar inn mest í hringinn leggur hann spjóti til Bjarnar er hann hafði í hendi og kom í herðarblað honum. Björn snarast við og reiddi stafinn og rak við eyra Þórðar svo að hann féll af baki. Og þá var eigi kostur fleira að gera því að menn hlupu í milli og skildu þá. Ekki er annars getið en þeir létu þetta á ganga og er nú kyrrt um hríð.

## 24. kafli

Nokkurum vetrum síðar koma bræður tveir af Hornströndum til gistingar á Hítarnes til Þórðar og voru þar um nótt. Og um morgun biðja þeir Þórð ásjá og segja honum hvað þeim var á höndum.

Þórður segir: "Gera mun eg kost á því líku við yður."

Það var snemma um vorið. Beinir er annar nefndur en annar Högni. Þeir spyrja hver kosturinn væri.

"Ekki mun hann nýtilegur þykja," segir Þórður. "Eg mun gefa ykkur til hundrað silfurs að þið sitjið um líf Bjarnar og færið mér höfuð hans. Eg mun nú fá ykkur hálf hundrað en hálf er þið komið aftur."

Þetta var kaup þeirra. Þórður hét þeim á ofan ásjá sinni. Þeir kváðu sér eigi ægja mundu að ráða að Birni ef þeim gæfi færi til.

Nú fara þeir upp í dalinn og koma í Hólum til Bjarnar er fé var á stöðli um aftaninn. Þeir hittu Þórdísi konu Bjarnar hjá dyrum og spurðu hvar Björn væri, kváðust eiga við hann erindi. Hún vísaði til hans, kvað hann genginn í haga.

Og er hún kom inn segir hún Þórdísi móður Bjarnar frá hjali þeirra er komnir voru. Hún kvaðst ætla að vera muni flugumenn.

Og er Kolbeinn heimamaður Bjarnar heyrir þetta þá tók hann skjöld Bjarnar og sverð og hljóp með þangað er hann vissi að Björn var og færir honum og kom hann fyrri, því að honum var kunnara hvar skemmst var, og segir Birni að hann kvaðst hyggja að flugumenn mundu koma og finna hann.

Björn þakkaði honum fyrir og gekk síðan til sauðahússins með vopnum sínum og inn í húsið og það sjá þeir og fara þangað. Og er þeir koma að húsinu og hugsa hvern veg þeir skulu sækja hann þá hljóp Björn út að þeim voveiflega, að þá varir minnst, og þrífur hvorntveggja höndum. Er þar mikill knáleikamunur. Skiptist það annan veg til en þeir ætluðu. Hann batt þá báða, hendur á bak aftur en lét lausa fætur og bar ekki járn á þá. Síðan stakk hann öxum þeirra undir bönd að baki og biður þá fara og

sýna sig Þórði. Af þeim tók hann silfrið og gaf það Kolbeini.

Þeir fara í brott og þykir ill orðin ferð sín og hneisuleg, koma svo búnir á Hítarnes. Þórður kvað sér ekki mönnum að nær þótt þeir væru og rak þá á brott.

## 25. kafli

Kona er nefnd Þorbjörg. Hún bauð Birni heim fyrir vináttu sakir og þiggur hann boðið og er þar með henni þrjár nætur í góðum beina. Og hina síðustu nótt lét hann illa í svefni og er hann vaknar spyr húsfreyja hann hversu hann dreymdi eða hví sætti er hann lét svo illa er hann svaf.

Hann segir: "Mér þótti sem sex menn sæktu mig og þótti mér nær þurfa handa við. Kann vera að þá hafir þú heyrt til mín."

"Það er auðsætt," segir Þorbjörg, "manna fylgjur eru það er illan hug hafa á þér og vil eg að þú farir eigi héðan áður við spyrjum að engi tálmi ferð þína eða sitji fyrir þér. Ella far þú aðra leið en þú fórst hingað þótt hún sé lengri nokkuru því að hinnar munu þeir gæta er þinn fund vilja hafa er skemmst er og alþýðuleið er."

"Svo skal vera," segir hann, "að eg mun fara leið aðra."

Nú býst hann heimleiðis og þakkar henni vel beina áður þau skiljast. Og er hann kom úr garði vill hann fara þá götu er skemmri er, fer um hríð og sér menn fyrir sér að sauðahúsum nokkurum.

Hann þóttist vita að Þórður mundi vera og menn með honum. Sjá þóttist hann sex menn. Björn bjóst að verja sig ef þyrfti. Hann var í blárri kápu og gyrti hann að utan og brá síðan sverðinu. Hann hafði spjót í hendi haft og sendir það fram í veginn þegar hann kom í skotfæri við þá og varð þar fyrir maður er Steinn hét og var Guðbrandsson og stóð í gegnum hann og fékk þegar bana. Þá hljóp maður að Birni milli þeirra Þórðar er Þorbjörn hét og varð Björn þar skjótari og vann á honum og kom í ennið. Það var lítið sár. Síðan hjó Björn til Þórðar en hann tók ráð hið viturlegasta, lét fallast undan högginu og skeindist hann þó lítt að. Og er hann stóð upp var ekki Birni veitt lengur aðsókn og skilja við svo búið, fara nú hvorirtveggju heim.

## 26. kafli

Systir Bjarnar bjó í Knarrarnesi og fór hann þangað um veturinn og var þar þrjár nætur og dreymdi hann hverja nóttina það er honum þótti um vert. Hún spurði áður þau skildust hvað fyrir hann hefði borið en hann kvað vísu þessa:

Draum dreymdumk nú, Nauma  
Nið-brands skarar landa,  
koma mun Yggr á eggjar  
enn bragsmíðar kenni,  
báðar hendr í blóði,  
braut kaldhamars nauta,  
mér of kenndr í mundum  
Mæringr roðinn væri.

Þórður hafði spurt um för Bjarnar og fer á leið hans með níu menn og situr fyrir honum við Hítará.

Björn fer heimleiðis og sér menn fyrir við ána og þykir nú að sýnu ganga að Þórður mun vera. Hann býst við, rétt sem hið fyrra sinn, og vill enn við nema þótt liðsmunur sé mikill.

Og er hann kom að þeim sækja þeir að honum öllum megin og fær hann eigi hlíft sér og koma þeir á hann sárum og sér hann að honum mun ekki svo búið duga. Síðan hljóp hann út á ána og svam yfir ána með vopn sín. Var skjöldurinn á baki honum. Austmaður var með Þórði og skaut spjóti eftir Birni og kom í skjöld hans.

Og er Björn kom af ánni skaut Kolbeinn, sonur Þórðar, spjóti yfir ána til Bjarnar og kom í lær honum en Björn tók spjótið og skaut yfir ána til þeirra og varð maður fyrir og flaug í gegnum hann og tók Kolbein Þórðarson er sat að baki honum og höfðu báðir bana.

Þar skilur með þeim. Fer Björn heim. Konu hans féll nær er hún sá hann blóðugan heim koma og ætlaði að mikið mundi að orðið en hann kvað ekki saka mundu og varð heill er skammt leið. Þórði líkaði stórilla.

## 27. kafli

Þorsteinn hét maður og var Kuggason. Hann bjó í Ljárskógum. Hann var auðigur maður að fé og vel kynjaður og þótti vera ójafnaðarmaður. Hann var mægður við göfga menn og góða drengi. Þorfinna hét kona hans og var næstabræðra Þórdísi, konu Bjarnar.

Þeir Þórður Kolbeinsson og Dálkur skorudu á Þorstein um liðveislu móti Birni, þótti sér þungt veita vilja móti Birni.

En Þorsteinn kvaðst þá eigi við látinn að sinni "þætti mér þá á hann best máli að fylgja að þið fáið Birni nokkura sök nýja og mun það hægt því að eg veit að maðurinn er ekki sakvar og mun eg þá veita ykkur lið."

Nú þótti Þórði vænt horfa. Og fyrir þessi vinganarheit Þorsteins býður Dálkur honum til jóladrykkju og bað hann vera svo fjölmennan sem hann vildi.

Þetta var um vorið fyrir þing. En er menn komu af þingi um sumarið þá héldu menn vörðu á sér og tókust af mjög héraðsfundir og vildu menn nú varir um vera að þeir myndust miður en meir, Þórður og Björn, en á er nú kyrrt.

Um veturinn eftir fyrir jólin bjóst Þorsteinn til ferðar til að sækja jólaveislu til Dálks og ríður nú á Ströndina út til Þorgeirs Steinssonar, frænda síns, á Breiðabólstað og latti hann Þorstein suðurferðar ef hann vildi hans ráð hafa. Þorsteinn vill ekki annað en fara og fór hann með tólf menn. Þar var Þorfinna kona hans með honum. Hún var dóttir Vermundar úr Vatnsfirði. Þau fóru á Dunkaðarstaði til gistingar, til Össurar föður Kálfs, en fara um daginn eftir suður á Hnappafellsheiði en gistu á Hafursstöðum í Hnappadal. Þar bjó sá maður er Hafur hét. Um morguninn voru tvær leiðir fyrir um Hellisdalsheiði, sá gengur af Klifsdal, og fóru þau þá leið, upp Hellisdal en ofan Klifsdal. Hann gengur gegnt bæ Bjarnar í Hólmi.

Veðrið gerði illt, snæfall mikið. Þau koma ofan síð að stakkgarði er Björn átti er stóð á Hjöllum og var þá fok mikið. Þar var fyrir maður og bar út hey og gaf hrossum Bjarnar. Kvöddust þeir og spurðu tíðinda.

Síðan mælti Þorsteinn: "Viltu segja oss leið ofan um hraun?"

Húskarlinn mælti: "Ekki ætla eg að heimamenn Bjarnar eigi þér vingan að launa og mun eg eigi það gera."

Þorsteinn mælti: "Hvað mun þá varða þó að þú farir nauðigur ef þér þykir sá betri."

"Það munuð þér mega," segir húskarl, "ef þér viljið."

Veðrið versnaði bæði af foki og frosti. En húskarl var fyrr allur í brott en þeir fyndu og fór hann heim og segir Birni að hann þóttist úr öngum aka og kvað Þorstein Kuggason hitta sig og þau tólf saman og vilja neyða sig til leiðsagnar.

Björn mælti: "Ef Þorsteinn er svo vitur sem hann er harður og kappsfullur þá mun hann hér koma í kveld og hætta sér eigi þar sem nú er hann. En ef hann fer upp í dalinn gegn veðrinu og niður um hraun um vötn og torfærur þá ferst honum eigi vel og látum svo sem hann komi hér í kveld."

Þorfinna reið en þeir gengu og voru þrekuð því að þau höfðu villt farið um daginn á heiðinni og sjá þetta að húskarl var allur í brott. Ræddust þeir við hvað þá skal til ráða taka. Veðrið versnaði að eins en náttmyrkur á við sig.

Þorfinna mælti: "Ef yður sleppur því meir að festa hendur á Birni en á húskarli hans sem hann er meiri fyrir sér þá verður eigi för yðar einkargóð og veit eg að Þorsteini þykir einsætt að vera honum mótsnúinn. En mér þætti ráðlegt að virða tengdir við Þórdísi næstabræðru mína en óráðlegt að hætta sér úti hjá bæ Bjarnar en þó lítillmannlegt og mjög undir hann lagið hverninn hann vill í höndum hafa. Förum heldur þangað og ef vér sækjum hann heim þá höfum vér þar góðan beina. Er hann drengur svo góður."

Þorsteinn var þess alltrauður og fór þó. Og litlu síðar sjá þau mann hjá öðrum stakkgarði og var þar Sigmundur húskarl Bjarnar. Þorsteinn bað hann vísa sér veg ofan til Húsafells.

Hann segir: "Ekki kann eg að vísa mönnum veg í foki eða náttmyrkri."

Hann sté þá á bak Hvítingi um síðir og reið fyrir og fylgdi Þorfinnu og koma að Hítará og var hún upp gengin mjög og urðu þeir votir á ánni. Og þá grunaði Þorstein nokkuð um leiðina, hvern veg hann reið fyrir, og var sem hann grunaði að hann fór þá leið er heim lá í Hólmi en Björn var nær með þrjá tigi vígra karla. Og var þeim Þorsteini villifært til bæjarins því að skammt var eigi. Hann stóð undir Hólmsfjalli. En heimamaður Bjarnar reið fyrir allt að garði.

Og er þau koma þar og drepa á dyr þá mælti Björn við húskarl þann er hjá stakkgarðinum hafði verið að hann gengi út og byði Þorsteini þar að vera ef hann væri kominn "en eg get," segir Björn, "að honum þykir þú eigi ráðandi og lítið gott veita mega og munu menn mæla að sá laði hann sem ráðin á. Þú segir að þínu boði mun hann hlíta verða eða fara brott ella."

Svo gerði hann sem mælt var og fór sem Björn gat að Þorsteinn kvaðst eigi að honum mundu laðorð þiggja og bað þann bjóða sér er ráðin átti. Húskarl bað hann þetta þiggja eða fara í brott ella. Þetta þá Þorsteinn því að hann sá eigi yfir að þeir kæmust til bæja ef þeir færu brott.

Og er þeir komu inn var þeim heilsað og síðan borð tekið. Eigi voru þar eldar gervir né skipt um klæði og voru þeir votir og frernir.

Björn spyr tíðinda og heldur tómlega, af engri alúð, en konur unnu Þorfinnu góðan beina.

Þorsteinn velkti mjög ráðin fyrir sér hvort þeir skyldu eigi brott um nóttina, þótti allt af óþokka við sér tekið. En Björn kvaðst engan mann mundu til fá að fylgja þeim í foki og náttmyrkri en kvað óvandlaunaðan beina þann er hann veitti þeim um nætur sakir.

Feldir voru þeim fengnir yfir sér því að skóklæði þeirra voru frerin og máttu þeir eigi úr komast er engi var eldurinn ger. Engi voru þeim og boðin þurr föt. Ostur og skyr var að náttverði því að eigi var þá enn lögtekin fasta.

Björn spurði Þorstein: "Hvern veg kalla menn slíka vist í yðvarri sveit?"

Hann svarar og kvað menn kalla ost og skyr.

Björn mælti: "En vér köllum slíka vist óvinafagnað."

Þann veg var næturbjörg þeirra að sumir komust úr brókum og héngu þær um nóttina á þili frernar og lögðust þá til svefnis. En um morguninn snemma reis Björn upp og sá til veðurs. Og er hann kom inn lauk hann aftur hurðu. Þorsteinn spurði hvað veðurs væri. Björn kvað gott veður hraustum mönnum. Þorsteinn kallaði á förunauta sína og bað þá búast og gerðu þeir svo. Þorfinnu var fylgt til sætis í stofu.

Og er Þorsteinn kom út var á foraðsveður. Hann mælti: "Ekki er Björn veðurvandur fyrir vora hönd og kann hann eigi lítilmennsku vorri."

Björn heyrði hvað hann mælti. "Gefa mun enn ölmusulægi til Húsafells," segir hann.

Þorsteini óx móður við átekjur hans og fór út í stofuna og hitti Þorfinnu og var þar ein kona önnur. Þar var hljótt og fámálugt og var Björn þar kominn. Frost fylgdi mikið veðrinu og voru stundum heið í himininn upp.

Þá mælti Björn: "Á mun eg gera kosti að þér séuð hér til fjórða dags jóla og skuluð þér hafa allan þann beina er eg kann veita yður en þeir fari í brott er það þykir betra. En eftir mun Þorfinna vera og þeir menn er kalnir eru."

Þorsteinn kvaðst eigi vilja týna mönnum sínum og kvaðst ætla að það mun vera mega að fara hvergi og kvaðst það kjósa.

"Þá er vel," segir Björn, "og tókstu nú það af er ráðlegra var."

Síðan lét Björn gera elda mikla og bað Þorstein baka sig og þurrka klæði sín.

Þorfinna eggjaði Þorstein að þiggja af Birni allt það er honum var þá betra en áður "og mun héðan ef ekki af dregið við oss en vorkunn á fáleikum hans í fyrstu. Og er þann veg farið hvorumtveggja ykkrum að betur sómir að þið eigist gott við."

Þorsteinn þekktist nú vel, sat við eldana og förunautar hans og var Björn nú allkátur.

Þá mælti Björn: "Nú hefir þann veg orðið," segir hann, "að nauður skyldi yður til nokkuð hér að koma. En eg var fár við yður hið fyrsta kveld að eg ætlaði að þér skylduð önnur hafa ölmælin á Húsafelli en þau að eg bæri friðgælur á yður. En héðan frá skal eg veita yður sem eg kann best".

Og var nú hinn besti beini og var þar sungið annan dag jóla og sátu þeir þar fjórar nætur af jólonum og þágu vel sem vert var. Og þá létti hríðinni og kvað Þorsteinn þá búast skyldu og svo gerðu þeir.

Björn sendir eftir stóðhrossum sínum er voru hjá stakkgarði því að þeim var gefið um hríðina. Sá hestur var sonur Hvítings og var alhvítur að lit en merarnar allar rauðar. En annar sonur Hvítings var í Þórarinsdal og var sá og hvítur en merarnar svartar. Nú lætur Björn stóðhrossin önnur leiða til Þorsteins og kvaðst vilja gefa honum.

Þorsteinn kvaðst eigi vilja þiggja að svo búnu "Því að eg er enn eigi að þér gjafa verður. Og ef eg launa þér eigi beinann þenna er nú hefi eg þegið þá er ósýnt að eg launi þér þótt þú leggir meira til. En ef eg geri að maklegleikum að launa beinann mun eg þiggja hrossin og vita að þau verði enn þá launuð að nokkurri mynd. Eg mun bjóðast til að gera milli ykkar Þórðar um mál yðar því að eigi má svo búið standa. Þó að þú hafir ógilda menn lagið að jörðu og það eigi fjarri lögum þá munuð þér saman lenda nema miðlað sé málum og mun eg segja þér hvað eg mun gera. Þú skalt bæta hvern þeirra nokkuru fé þótt þú bætir minna en að vilja þeirra og þann skakka er þar er á milli mun eg bæta og munu þeir þá þykjast hafa vel vegið."

Björn mælti: "Því mun eg játa er þú gerir og fel eg þér á höndum allan vanda."

"Svo er og," kvað Þorsteinn, "að eg mun nú undir ganga þetta."

Björn fylgdi þeim á götu. Hrossin voru fjögur saman er hann gaf Þorsteini.

## 28. kafli

Nú koma þau Þorsteinn til Húsafells og voru þar komnir áður margir boðsmenn og þar var Þórður Kolbeinsson og var veislan góð. Hann tók vel við Þorsteini og fannst um færra en ella mundi ef hann hefði eigi gist hjá Birni.

Og eftir hinn átta dag fór Þórður heim á Hítarnes og þau Þorsteinn með honum og voru þar þá það er eftir var jólanna. En eftir jólin spyr Þorsteinn Þórð ef hann vill trúa honum til að gera um mál þeirra Bjarnar og kvað hann því játað hafa.

Þórður kvað það vænlegt þykja. "En það þótti mér kynlegt," segir hann, "að þú sast hjá Birni um hríðina."

Þorsteinn kvað þó óvænlegra að ráðast út í foraðsveðrum og stefna sér til örkumla og mönnum sínum.

Vakið hafði Þorsteinn við Dálk um sáttirnar áður hann riði þaðan og var hann ótregur að Þorsteinn skipaði með þeim. Nú kemur hann mjög oft á málið við Þórð og varð hann í öllu tregari en Dálkur. Þorsteinn kvað það þó mundu mál manna að þeir hefðu góða nefnd um sættir þótt hann gerði, kvað ungt vinfengi þeirra Bjarnar. Því kom þar máli við umtölur Þorsteins að Þórður játti og allir þeir hans ummælum.

## 29. kafli

Það er sagt að sáttarfundur er lagður undir Hrauni. Síðan var sent eftir Birni með mikinn flokk manna og var hann úti með lið sitt en þeir Þórður voru inni. Þorsteinn gekk þar um sættir. Og er þeir höfðu við ræðst um stund og innt til um sættina horfðist á með þeim heldur en eigi með umstilli Þorsteins.

Þórður mælti: "Enn er vanvitað nokkuð um sættina."

Þorsteinn spyr hvað það væri.

"Um það höfum við ekki rætt, verka okkarn Bjarnar. Vil eg nú að við kveðum allt það er hvor okkar hefir ort um annan."

Þorsteinn kvað það óskylt vera munu.

"Það er eigi þann veg," segir Þórður. "Vil eg vita hvor fleira hefir ort um annan og þarf eg eigi um það að verða vanhluta fyrir Birni."

Það fer nú fram sem Þórður beiddi að hvor þeirra kvað allt það er kveðið hafði um annan og var sú skemmtan sum ein áheyrileg. En svo reynist að Björn hafði ort vísu fleira en Þórður. Hann kvaðst vilja yrkja á móti vísu en Þorsteinn kvað það óskylt og margir aðrir.

Björn svarar og kvaðst eigi vildu að honum yrði um það dæmt að hann leyfði honum að yrkja vísuna "en ef þú vilt eigi láta undan líða," segir hann, "þá fresta þú ekki og lát eigi ákveðin orð í vera."

En Þorsteinn kvað sig eigi meira metinn í þessu en svo af þeim Þórði að þeir vildu ekki þá sætt halda er hann hefir gerva, lést nú nær kunna engan hlut í að eiga þeirra máli."

Þórður kvaðst ekki mundu að því fara hvort Björn leyfði eða eigi og kvað vísu:

Björn tekur brátt, er mornar,  
bráðr við illu ráði.  
Grönnum er vanr að grípa  
glópr við hverju hrópi.  
Og hvítmála hælir  
hvímleiðr með stjöl breiðan,  
sanni firrðr og svinnu,  
siti hann vesalstr manna.

"Það megið þér nú heyra," segir Björn, "að sú mannfýla vill enga sátt. Eigi skal hann enn þessari vísu hafa á glæ kastað heldur en öðrum," og kvað Björn vísu:

Þræta að þú sért betri,  
Þórðr, skuld enga vildag,  
alls gast enga snilli,  
eljun latr á skratti.  
Vart höfum verri orta,  
vinn eg bjór Háars inna,  
sekr glæps, ógnar en ortag  
ísbjóðr um þig vísu.

Lokið er upp sættum og fara af þinginu. Fór Þorsteinn á Hítarnes með Þórði og dvaldist þar litla stund. Og er hann fór þaðan fékk hann litlar gjafir af Þórði og þykir Þorsteini Þórður ollað hafa er engar urðu sættir og var heldur í rénun vinátta þeirra, þótti hann lítils virða sín tillög í þessu máli. Þorsteinn fer í Hólm til Bjarnar og er þar nokkura stund.

Og er hann fór á brott leiðir Björn hann á götu upp á Hítardalsheiði og ætla þar að skiljast og ræðast við áður af hugðu og kvaðst Björn mundu þykjast þá hafa hinn betra hlut af málum við Þórð "þar sem eg vildi hafa þinn dóm. En við höfum mælt til vinganar með okkur. Er eg ráðinn til að efna það og vera þinn vinur en hvortveggi okkar á nokkuð sökótt. Nú vildi eg til þess mæla að hvor okkar hefndi annars, sá er lengur lifði, ef við höfum líflát af vopnum eða manna völdum."

Þorsteinn kvað sér þykja í hvern stað jafnboðið er hann bauð sitt vinfengi "En gerum þar á grein nokkura er þú ræðir um hefndirnar því að nú vita menn gerr en fyrir hvað gera skulu og vil eg það um mæla að hvor okkar taki eindæmi eftir annan eða sektir og fébætur þótt eigi séu manndráp og sómir það betur kristnum mönnum."

Nú tóku þeir þetta fastmælum að hvor þeirra skal hefna annars eða eftir mæla svo sem þeir séu sambornir bræður. Nú voru stóðhrossin fram leidd að nýju og játaði Þorsteinn nú og kvaðst þiggja vilja fyrir hvern mun og einn. Og voru þar eftir þann vetur hrossin og svo um sumarið eftir og var eigi eftir komið og skyldi Björn þá senda vestur um haustið.

Þorfinnu gaf Björn gullhring og guðvefjarkyrtil er Ólafur konungur hafði gefið Þórði Kolbeinssyni og hann gerði til handa Birni eftir rán í Brenneyjum. Og nú skiljast þau góðir vinir og fara heim hvorirtveggju.

Litlu síðar tók Björn augnaverkið og helst hann um hríð og varð honum að því mein en þó batnaði er á leið og drap þó heldur fyrir honum því að hann var síðan þungeygur nokkuð og eigi jafnskyggn sem áður.

En mjög þótti mönnum á einn meið hallast með þeim Birni og Þórði í öllum viðskiptum og unir Þórður stórilla við og þeir menn er að málum stóðu með honum. Er nú orðið vinfengi mikið með Birni og Þorsteini Kuggasyni.

## 30. kafli

Nú líður veturinn af hendi og sumarið og voru kyrr mál þeirra að kalla. Á því hausti fór Þorfinnur Þvarason út á Nes til föður síns og voru fimmtán saman og hafði hann sverð Bjarnar, Mæring, en Björn hafði vopn hans. Björn var heima og fátt manna. Voru sumir húskarlar farnir til rétta í Langavatnsdal en sumir annan veg. Þórður og Kálfur sátu fjölmennt á Hítarnesi svo að Björn vissi eigi og ætluðu ef þeim þætti færi á gefa að brenna Björn inni.

Arngeir karl fór heiman og ætlaði í Knarrarnes að leita kynnis og tók um morguninn vopn Bjarnar þau er heima voru en Björn var genginn til hrossa sinna. Arngeir fór villur og fann eigi fyrir en hann kom til fjóss Þórðar á Hítarnesi og hitti hann nautamann og vísaði hann honum þegar á brott. En þá voru konur í fjósi og máttu þær eigi yfir þegja komu Arngeirs er þær komu inn.

Og er þeir Þórður og Kálfur og Dálkur verða þess varir að fátt var manna heima hjá Birni þá ræða þeir um tiltekjur. Og á þeim stundum hafði Þórður ort vísu þessa:

Öllungis bið eg allar,  
atgeirs eða goð fleiri,  
rétt skil eg, rammar vættir  
randóps, þær er hlýrn skópu,  
að, styrbendir, standi,  
stálgaldrs, en eg valdi,  
blóðugr örn of Bjarnar

bráðrauðr höfuðsvörðum.

Og nú fýsir Kálfur mjög að þeir drepi Björn ef þeir mega og kvaðst fyrir löngu búinn vera við Björn að etja þá er hann var meiri fyrir sér en nú.

Dáلكur kallar og einsætt vera að neyta nú þess færís er hann hefir fátt manna og kvað þeim þungt vegist hafa við Björn og mundi mál þykja að eiga eigi hans ofsa yfir höfði sér ef réttast mætti og kvað Þórð skyldan til að beitast fyrir og skipa til "en aðrir að fylgja þér."

Nú ráða þeir það af að Kálfur fer til Hurðarbaks eftir sonum Eiðs, Þorvaldi og Þórði, og segir þeim orðsending Þórðar Kolbeinssonar og hvað þeir ætluðust fyrir. Þeir bregða við skjótt og fara með Kálfi og ber svo til för þeirra að þeir eiga að fara yfir Þórarinsdalsá í Hítardal. Þar hitta þeir gríðkonu Bjarnar við ána er fara skyldi út á Völlu. Þeir spurðu hana tíðinda úr Hólmi, hvað menn höfðust að eða hve mart manna heima væri með Birni en hún var ekki til mállöt og sagði þeim til mart, kvað þrjá menn heima aðra en Björn og kvað þá þó í skógi og höggva við.

Nú skiljast þau og fara þeir sem hvatast á fund Þórðar og Dálks og búast þegar til aðfarar við Björn. Fara menn fjórir og tuttugu og var þar Kolli son Þórðar. Þeir fóru um aftaninn til náttverðar undir Hraun og fara síðan um nóttina götur þær er upp liggja í dalinn frá Völlum uns þeir koma í Hólmsland og töluðust þá við. Skipaði Þórður til hversu að skal fara að ná Birni.

Nú mæla þeir og til fasta með sér á þessi stefnu ef þeir geta Björn að jörðu lagðan að þeir skulu allir skyldir að gjalda upp fé ef fébætur eru teknar eftir hann, Þórður fyrst að upphafi og Dáلكur og Kálfur, hver þeirra er banamaður hans yrði. Þann dag skulu vera réttir í Þórarinsdal og aðrar í ofanverðum Hítardal.

## 31. kafli

Eftir þetta skiptir Þórður til og lætur Kálf fara er morgnar á götu þá er liggur til Valla og þeir höfðu riðið um nóttina. Hann var við séttu mann og sitja þá fyrir Birni ef þangað bæri ferðir hans. En þeir Þórður og Þorvaldur Eiðssynir og Kolli Þórðarson skyldu sitja á götu þeirri er liggur til Hvítingshjalla, ef þangað bæri að, því að þar höfðu haga hross þau er Björn hafði gefið Þorsteini og för Björn oft að sjá þau og af Hvítungi hinum eldra var Hvítingshjalli kallaður. En Dáلكur frá Húsafelli skal sitja á götu þeirri er liggur til fjalla fyrir austan vatn og gæta þar því að þeim þótti eigi örvænt að Björn færi upp í dalinn til rétta er mannfátt var heima. En Þórður skyldi sitja á þeirri götu er liggur úr Hólmi og ofan til Húsafells. Þórði þótti líklegt að Björn mundi koma annaðhvort til rétta, og líkara að hann mundi koma í Þórarinsdal því að þaðan var von fleira fjár Bjarnar og sat Þórður þar fyrir ef hann færi þangað. Sex menn voru í hverri fyrirsát. En fyrir því varðveittu þeir götur allar að þeir þóttust vita að Björn mundi nokkura fara braut en vildu eigi koma í Hólmi fyrr en víst væri að Björn væri eigi heima ef svo vildi verða, þótti sér mundu torsótt að sækja hann. Nú skiljast þeir og fara hverjir á þá götu sem ætlað var að sitja fyrir Birni.

## 32. kafli

Það er sagt í öðru lagi frá Birni að hann var snemma á fótum þann morgun og mataðist en Sigmundur húskarl hans var farinn upp í dal.

Birni þótti illar húsgöngur er hann átti sökótt og þótti aldrei örvænt á hverri stundu hann þyrfti manna við og var hann nokkuð brúnvölur og sagði Þórðfísi konu sinni að hann mundi fara á Hvítingshjalla og skera mön á hrossum Þorsteins áður hann sendi þau vestur. Og þó kvað hann heldur hafa harkað um draumana um nóttina og kvaðst þó ógjörla vita fyrir hverju það mun vera. Hann kvaðst mjög oft á þá

leið dreyma sem nú og kvað þó nú mest um vera.

Hún mælti: "Það vildi eg að þú færir hvergi frá húsi í dag og ertu óvar um þig þar er fjandmenn þínir sitja umhverfum þig. Eða hvað dreymdi þig?"

"Ekki læt eg drauma ráða förum mínum," segir hann.

"Eigi vildi eg að þú færir frá húsi og værir sem varastur um þig og hefir það fyrir engum spillt. En mér virðist sem raunillar hafi verið svefnfararnar í nótt og seg mér hvað fyrir bar."

En Björn kvað vísu:

Undr er ef eigi bendir,  
oft vakir drengr að lengrum,  
ógn hef eg fyrða fregna,  
framvísar mér dísir,  
því að armleggjar orma  
Ilmr dagleygjar hilmis  
heim úr hverjum draumi  
hjálmfaldin býðr skáldi.

"Þetta hefir mig oft dreymt," sagði hann, "og nú með mestu móti í nótt."

Hún latti hann frá húsi að fara en hann lét ekki letjast. Húskarlar þeir sem heima voru fóru í skóg að höggva við og var Björn einn roskinna manna.

Nú býst hann til hrossanna og hefir manskæri mikil á linda og hött á höfði og skjöld á hlið. Sverð hafði hann í hendi er Þorfinnur Þvarason átti. Björn var mikill maður vexti og vænn og freknóttur, rauðskeggjaður, skrófhár og dapureygður og manna best vígur. Sveinn fimmtán vetra gamall fór með honum. Og er þeir gengu úr túni kvað Björn vísu:

Út geng eg með lið lítið,  
lítt sé eg hers við víti.  
Sverð fylgir menmyrði  
mítt og skjöldr hinn hvíti.  
En fyr einum runni  
ægis dýrs of Mýrar,  
vöndr skal hjalts úr hendi  
hrökkva, fyrr en eg stökkva.

Þeir fóru þá götu er liggur til Hvítingshjalla. En þeir eiga að fara yfir Hítará, skammt frá því er hún fellur úr vatninu. Og er þeir hafa farið um hríð þá sér sveinninn sex menn fara í móti þeim frá stakkgarði af Hvítingshjalla.

Björn spyr sveininn ef hann sæi hrossin á Hjöllunum, kvað auðsæ vera munu fyrir litar sakir. Hann kvaðst sjá hrossin og svo sex menn fara í mót þeim.

Björn kvað þá enn vísu:

Tveir erum, vörðr, en vorum,  
vopn-Eirar, vel fleiri.  
Oft var skáld und skildi  
skólkinnis að jólum.

Enn hraustgeði á hausti,  
hoddlestis, kom vestan,  
sveit vara seggja lítil  
snarfengs, með lið drengja.

Björn hafði kyrtil góðan og var í hosum og vafið silkiræmu um fót sér, þeirri er hann hafði skipt um við hinn helga Ólaf konung. Hann brá sverðinu er Þorfinnur Þvarason átti og mælti: "Illt sverð á hér góður drengur," segir hann.

Kálfur sér þá brátt þar sem hann var kominn og heldur eftir þeim og mælti: "Eigi er minni von," segir hann, "að skipti með oss gæfunni. Þeir þóttust mig hafa í hættu settan en eg hygg að eg veiði nú þann björn er vér vildum allir veiða."

"Skammt eiga þeir nú hingað Björn," segir sveinninn, "því að þeir fara hart."

Björn svarar: "Því auðveldara mun okkur að taka hrossin sem fleiri beina að."

Sveinninn mælti: "Ekki munu þetta friðarmenn vera. Þeir eru allir með vopnum. Og enn sé eg fleiri menn því að sumir fara eftir okkur og enn vopnaðir."

"Eigi skyldir þú of mikið um gera," segir Björn. "Kann vera að það séu réttamenn."

Sveinninn mælti: "Eg sé enn fleiri menn og fara frá Hólmi. Og er okkur það eitt ráð að snúa til Klifsdals og förum síðan Hellisdal og forðum okkur."

Björn mælti: "Ekki hefi eg enn eltur verið hér til og svo mun enn og mun eg eigi aftur hverfa. Förum eftir Klifsandi til Klifsjörva og gjarnan vildi eg fara til Grásteins hins mikla ef við mættum þangað komast."

"Eigi má eg það vita," segir sveinninn, "hve okkur má það endast því að menn sækja að okkur öllum megin. Og sé eg það gjörla að sex eru hvar saman þótt sumir eigi lengra til okkar en sumir. Og sé eg nú alls eigi færri menn en fjóra og tuttugu."

Björn spyr: "Hvern veg er þeim mönnum varið er okkur eru næstir?"

Sveinninn segir og þóttist Björn kenna Kálf að frásögn hans. Kálfur var maður mikill og svartur og átti skammt til þeirra á bak þeim er Kollu og synir Eiðs komu fyrir þá. Dálkur fer að frá Hólmi og er sýnu first þeim og þeir er honum fylgja.

Björn mælti við sveininn: "Far þú nú upp í hjallann eftir hrossunum en eg mun hér bíða. Ekki mun stoða að fara lengra."

Nú settist Björn niður en sveinninn fór að taka hrossin og vildi víkja og mátti eigi því að þá hafði tekist fundur þeirra.

Þeir koma fyrst að Birni, Kálfur við setta mann, Kollu og synir Eiðs með honum við sex menn. Þorvaldur Eiðsson skýtur spjóti að Birni þegar er hann nær til hans. Björn tók spjótið á lofti og sendi aftur til eiganda. Það kom á Þorvald miðjan og féll hann dauður til jarðar. Þeir höfðu komist á milli hans og Grásteins svo að Björn komst eigi þangað. Þórður vildi hefna bróður síns og hjó til Bjarnar mikið högg. En Björn hélt á skildinum svo að handleggur hans var í mundriðanum og kom höggið á skjöldinn og varð svo mikið að handleggur Bjarnar gekk í sundur og féll skjöldurinn niður. Þá þreif Björn sporð skjaldarins hinni hendinni og rak í höfuð Þórði svo að hann fékk þegar bana. En sumir menn segja að hann legði hann með söxunum til bana. Kollu sótti Björn fast, nær í mesta lagi einna

manna í sífellu, þótt vér kunnum eigi að greina hvert sárafar hann veitti honum.

Kálfur mælti, kvað honum nú fyrir allt eitt koma þótt hann felldi nokkura menn og kvað hann skyldu nú eigi undan ganga "er oss nú eigi mannfátt," segir hann.

Sumir mæltu að slá skyldi hring um Björn og varðveita hann að hann komist hvergi í brott og bíða Þórðar Kolbeinssonar að vega að honum til lykta. Og meðan þeir ræddust þetta við þá leysti Björn manskæri af linda sér og voru þau nýhvött er hann fór heiman, bæði mikil og biturleg.

Nú kom Dálkur til með sex menn og vill þegar sækja að Birni því að hann var hraustur karlmaður og þóttist hann varla án hólmsök við Björn er hann átti sonar síns að hefna. En Björn bregður sverðinu Þorfinns er hann hafði heiman haft og höggur á fót Dálki svo hart að fóturinn brotnaði en eigi beit og varð Dálkur óvígur og fluttur á brott þangað sem honum var óhætt.

Og því næst kom Þórður Kolbeinsson. Og er Björn sá hann þá mælti hann: "Seinn til slíks móts lítill sveinn."

"Sá skal þér þó nú nær standa í dag," segir Þórður, "og höggva þig klækishögg."

"Þau ein muntu höggva," segir Björn, "meðan þú lifir."

Þórði varð mismælt og vildi hann sagt hafa að sá skyldi hann höggva klámhöggi þann dag. Björn grípur nú skærin því að hann veit að sverðið dugir ekki og hleypur að Þórði og ætlar að reka á honum skærin. Þórður veikst undan en fyrir varð húskarl Þórðar er Grímur hét og fékk þegar bana. Og í því bili hjó Kálfur til Bjarnar og veitti honum mikið sár og féll Björn nú svo að hann stóð á knjám og varðist með skærunum af mikilli hugþryði, því að hann var hinn mesti fullhugi sem oft höfðu raunir á orðið, og veitti þeim mörg sár er hann sóttu. Þeir sóttu hann nú svo fast og engir meir en Kolli.

Björn mælti: "Fast sækir þú mig í dag Kolli," segir Björn.

"Eigi veit eg hverjum í er að þyrma," segir hann.

"Svo er og," segir Björn. "Móðir þín mun þetta fyrir þig hafa lagt að þú skyldi mér harðasta atgöngu veita. En sjá þykist eg að annað mun þér betur gefið en ættvísín."

Kolli segir: "Eigi þykir mér þú það snemma sagt hafa ef mér er nokkur vandi á við þig." Og þegar gengur Kolli brott og hættir aðsókninni.

Björn varðist mjög lengi með skærunum svo að hann stóð á knjám. Og allir undruðust þeir hví hann mátti slíka vörn veita, næsta vopnlaus maður, svo margir sem þeir sóttu hann og þóttust þó allir hafa fullleiksa er honum urðu næstir.

Nú er það sagt að Þórður hjó til Bjarnar og beit af honum þjóhnappana og fellur Björn þá. Þórður vill þá eigi láta höggva á milli og höggur af Birni höfuð í öðru höggi og gengur á milli bols og höfuðs og þá kvað Þórður vísu:

Láskat, snarr að snerru,  
segg þann bitu eggjar,  
hinn er fyr heiði sunnan  
hugþryði mér fryði,  
að, morðvandar, myndag,  
meiðs hlutum rán af beiði,  
bitu þann fyr sök sanna

sverð, hans bani verða.

Þórður tók höfuð Bjarnar og batt við ólar sér, lét þar hanga við söðul sinn.

Kálfur kvaðst vilja að þeir kæmu í Hólm og lýstu þar víginu og lést vilja færa þeim men er Björn hafði haft á sér.

Dálkur svarar og kvað það óskilyt vera og kappsamlegt, kvað það betur sóma að sýna sig í yfirbótum við frændur Bjarnar eftir þetta verk heldur en auka vansemd við þá.

Þórður lagði þar hvortgi til. Kálfur reið þegar af vettvangi. Og er þeir riðu í brott og voru komnir ofan yfir Klifsand þá flugu móti þeim hrafnar nokkurir og þá orti Þórður vísu þessa:

Hvert stefnið þér, hrafnar,  
hart með flokk hinn svarta?  
Farið ljóst matar leita  
landnorðr frá Klifsandi.  
Þar liggur Björn en Birni  
blóðgögl of skör stóðu.  
Þollr hné hjálms á hjalla  
Hvítings ofar lítlu.

### 33. kafli

Nú koma þeir í Hólm og gengur Kálfur í dyngju er Þórdís var fyrir, kona Bjarnar, og segir henni víg Bjarnar "og er hér men," segir hann, "við að taka er hann hafði á sér."

Hún tók við meninu og spurði hvort Þórður er þar. Kálfur kvað hann þar kominn. "Hann vil eg þó hitta," segir hún, gengur úr dyngjunni þangað sem Þórður var og kastar til hans meninu og bað hann færa Oddnýju konu sinni til minja.

Síðan ríða þeir ofan eftir dal og komu til Húsafells og var Dálkur þar eftir en Þórður reið á Völlu og var Arngeir heim kominn, faðir Bjarnar. Þórður segir honum tíðindin og báðum þeim hjónum. Hún var úti og þó höfuð barns eins.

Þórður leysti höfuð Bjarnar frá ólum sér og kastaði til Þórdísar móður Bjarnar bað hana vita ef hún kenndi höfuðið og kvað því þá eigi minni þörf að vaska en hinu er hún þó áður.

Hún mælti þá: "Kenni eg höfuðið," segir hún, "og kenna mættir þú því að fyrir hinu sama höfði gekkstu oftlega hræddur meðan það fylgdi bolnum. Far nú og fær það Oddnýju og betra mun henni þetta þykja en það hið litla og vesallega er lafir á þínum hálsi."

Þórði líkaði illa hennar málsemdir, lætur þar eftir höfuð Bjarnar og ríður heim á Hítarnes, segir frá tíðindum og færir Oddnýju menið er Björn hafði átt.

Og er hún sá hné hún aftur og vissi ekki til manna. Og er af henni hóf öngvit þá hafði hún fengið mikla vanheilsu og óyndi og leitaði Þórður mjög margs í að hugga hana og var vel til hennar. En svo gerist með miklu móti að hún var verkjum borin af þessu og var ákafast hinn fyrsta vetur eftir. Henni þótti sér það helst ró að hún sæti á hestsbaki en Þórður leiddi undir henni aftur og fram og gerði hann það, að honum þótti stór mein á vera en vildi við leita að hugga hana. Og um þetta orti hann:

Móðr verð eg mitt hross leiða,  
mjúk verðra för sjúkrar,  
reið vara fljót, und Fríði  
fjargvefjar dag margan,  
því að hugborgar hvergi  
Hlökk undi sér dökkva,  
mikið stríð var það Móða  
merkis, skins fyr verkjum.

Svo þóttist Þórður mjög fyrir verða fyrir konuna af þessum meinum er á lögðust að menn segja það að heldur kjöri Þórður þá líf Bjarnar ef þess væri kostur og hefði hann slíkar ástir konu sinnar sem áður. Og þótti honum það stór meinun er til þeirra Bjarnar kom allra jafnt saman. Hún mornaði öll og þornaði og tæði aldrei síðan tanna og lifði þó mjög lengi við þessi óhægindi.

Frændur Bjarnar létu gera eftir líki hans og var það jarðað á Völlum að kirkju þeirri er hann hafði þar gera látið Tómasi postula og var niður lagður með klæðum og ræmunni sem fyrir var sagt.

## 34. kafli

Nú fara þessi tíðindi um landið víða, víg Bjarnar, og spyr Ásgrímur bróðir hans austur á Rangárvöllu og fer síðan vestur í Ljárskóga að finna Þorstein Kuggason og tekur hann við málinu af Arngeiri karli og búa þeir það um vorið til alþingis, Þorsteinn og Ásgrímur og vinir Bjarnar. En er Ásgrímur fór á brott um veturinn frá Þorsteini þá fer hann í Hólm og varðveitir búið er Björn hafði átt og fór þaðan um vorið í málalíbúnað með Þorsteini og fjölmenntu mjög til þings og svo gerði Þórður og þeir er honum vildu lið veita.

Svo er sagt þá er til þings var komið sendir Þórður menn á laun til Ásgríms með þeim erindum að bjóða honum sémileg boð og að þeir mættu nú finnast um nóttina og kvaðst honum unna hins mesta sóma af málinu og kvað það skyldugt því að hann var aldrei mót honum þá er mál þeirra Bjarnar voru. Ásgrímur er óvanur að eiga hlut í málaferlum og hittir Þórð um nóttina. Hann kveður Ásgrím blíðlega og ræddust mart við. Þórður var maður orðhagur og sléttmáll og tjáir fyrir honum hve mikið hann var neyddur til þessa verks, segir honum mart frá viðskiptum þeirra Bjarnar hversu skerðan hlut hann hafi lengi borið fyrir honum en kvað Björn nú enn hafa þrjá menn drepið í þeirra síðasta fundi en fjóra örkumlaða "og eru þeir tólf menn," segir Þórður, "er að engu er getið til sátta, Óttar og Eyvindur, Þorsteinn Kálfsson, Þorkell Dálksson, skógarmenn tveir, Steinn Guðbrandsson, átti Austmaður, níundi Kolbeinn son minn, Þorvaldur og Þórður Eiðssynir, tólfti Grímur húskarl minn, en Dálkur örkumlaður og allir vér nokkuð sárir. En eg mun bæta þér bróður þinn þremur hundruðum silfurs því að eg ann þér góðs hluta."

Ásgrímur hlýðir á fortölur Þórðar og játar þessu. Er honum greitt silfrið. Tekur hann við og er heldur hvatað að öllu og var auðsætt hvað til hélt um sættir þeirra, fortölur Þórðar en hvatvísi Ásgríms.

Þorfinnur Þvarason varð eigi fyrr var við en Ásgrímur tók silfrið og gekk út úr búðinni og til Þorsteins Kuggasonar og sagði honum að Ásgrímur mundi ginnast láta fyrir Þórði með leynd til nokkurra sátta, kvað hann vera að telja silfur.

Þorsteinn kvað þetta vera mundu ærið mikið bráðræði og kvað eigi hægt að veita slíkum mönnum lið er svo eru einráðir "en þó má enn eigi vita fyrir hvað Þórði kemur þetta."

Engan mann varði þessa að Ásgrímur mundi við engan um ráðast og eigi við Þorstein er í var bundinn málinu með honum. Því var Þorsteinn og Ásgrímur fyrir eftirmáli um Björn að aðilinn sá er fyrir öndverðu var, Arngeir karl faðir Bjarnar, var nú hrumur af elli og lét því málin undir þá koma að hann þóttist eigi mega fara til þings fyrir elli og hafði eigi við það vanist að fylgja málum þá er hann var yngri en vissi að Þorsteinn hafði þessu heitið Birni að mæla eftir hann ef þess þyrfti eða sá eftir annan er lengur lifði.

Þorsteinn sendi nú menn til búðar Þorkels Eyjólfssonar frænda síns og kvaðst vilja hitta hann. Þórður Kolbeinsson var í búð Þorkels og hafði þessa sátt gerva við Ásgrím án ráði Þorkels því að hann vissi ekki til þessa.

Það er nú frá Þorsteini að segja að hann dró saman lið mikið og heimti þegar Mýramenn frændur Bjarnar. Nú finnast þeir Þorsteinn og Þorkell. Eru þá með Þorsteini frændur Bjarnar og vinir.

Þá segir Þorsteinn að hann er heitbundinn að hefna Bjarnar eða mæla eftir hann "erum vér nú saman komnir hér, frændur hans og vinir, og er svo að segja það til að vér verðum allir á eitt sáttir um það að ónýta þess sátt er Ásgrímur hefir gert við Þórð."

"Það hefir oft sýnst," segir Þorkell, "að frændur Bjarnar hafi eigi rétt fylgt málum hans og svo vænti eg að mönnum muni álitast ef sakaraðilinn skal eigi ná að hafa þá sætt er honum hugnar."

"Hér er ekki um að tala," segir Þorsteinn. "Eg einn vil ráða málalyktum, bæði mannsektum og fégjöldum sem eg er í bundinn eða láta líf mitt ella. Snúst þú í mót ef þú vilt kappi þreyta. Ærið höfum vér lið. Ósýnt að þeim sigrast betur er í mót standa enda munum vér þar til hætta að þeim kosti hvort vér náum lífi Þórðar eða þeirra annarra er vógu Björn."

Þeir Þorkell og Þorsteinn voru bræðringar að frændsemi og sá Þorkell að þeim samdi eigi svo mjög að þreyta en vissi kapp Þorsteins. En Þórður Kolbeinsson hafði eigi ráðist fyrir við hann um sættina og vill hann leita mála fyrir hönd Þórðar en ganga eigi í bardaga fyrir hans sakir móti frændum sínum og kvaðst Þórð vilja undan sektum mæla sjálfan og svo fégjöldum meirum en áður galt hann. En Þorsteinn geri á hendur öðrum mönnum, þeim sem að víginu voru, svo mikið fé og mannsektir sem hann vill sjálfur.

Þorsteinn kvað eigi um að leita að Þórður kæmist undan neinum álögum þar sem af honum hefði allt hið illa staðið um þetta mál.

Þorkell mælti: "Það vil eg þá að fébótum komi við fyrir mál þessi og mælum við um og sættumst á það að Þórður komist undan sektum með fégjaldi."

Nú kom þar máli að sættir voru nefndar og festar með þeim á þá leið að Þorsteinn og Þorkell skyldu um mæla og skyldi Þórður gjalda fyrir sekt sína slíkt sem Þorsteinn vildi en aðrir menn er að víginu voru skyldu undir ganga bæði sektir og fébætur eftir vilja Þorsteins. Þeir skyldu upp lúka sektinni áður þeir færu af þingi og var svo gert. Mjög hefir verið sem Þorsteinn réði einn gerðinni þegar Þorkell hafði Þórði komið undan sektum, frænda sínum. En ekki sparði hann fé til sakbóta því að ærið var til.

Það er nú gerð þeirra Þorsteins að Dálkur skal taka engar bætur fyrir sig og son sinn og gjalda og ekki fyrir tilför um víg Bjarnar. Kálfur skal og hafa engar bætur sonar síns og vera héraðssekur vestan þaðan, láta jörð sína í Selárdal og fara suður um heiði í áttþaga sinn. Þórður skal gjalda Ásgrími þrjú hundruð silfurs sem hann hafði kjörið sér til handa og við tekið. Önnur þrjú hundruð silfurs skal Þórður gefa til sýknu sér en hin þriðju þrjú hundruð til sýknu Kálfi. En frændur Þórðar er féllu við hraunið skyldu óhelgir fallið hafa og svo skógarmenn og þeir menn allir er í fyrirsátum höfðu verið fyrir Birni. Nú eru eftir tólf menn þeir er greiðlega voru að víginu. Þá gerði Þorsteinn alla sekja og

skyldu utan fara hið sama sumar og gefa fé til færingar þeim, mörk fyrir hvern þeirra. En ef þeir kæmst eigi utan sem mælt var þá skyldu þeir alsekir og dræpir hvar sem þeir myndust.

Nú fara þeir af þingi og tók Þorkell hina seku menn til sín, lét frændur þeirra leggja fé til hjálpar þeim þangað og kemur þeim utan um sumarið. Og nú var sú umræða manna að varla hafi þvílíkt eftirmál orðið um einn mann sem eftir Björn því að þær sættir urðu allar fram að ganga sem Þorsteinn hafði gervar og unir Þórður við stórilla og hans menn þótt þá mætti ekki að hafa. Mýramenn tóku og mikið fé til sátta af Þórði Kolbeinssyni, þeir sem voru frændur Bjarnar.

Arngeir karl fór til Þorsteins Kuggasonar með mikið fé er hann tók við en Þórdís tók af mund sinn og heimanfylgju og fór vestur á Barðaströnd við Breiðafjörð til frænda sinna. En Ásgrímur fór austur á Rangárvöllu með það fé sem hann hlaut og bjó þar síðan. Þórður Kolbeinsson fór heim á Hítarnes til bús síns og unir eigi vel við málalyktir. Tekur nú þaðan af að kyrrast um málin.

Og lýkur hér nú frásögn þessari.